STJARNAN
GARÐABÆR

# UMF STJARNAN

Aðalfundur Stjörnunnar 25.apríl 2022

Starfsár 2021

**UMF Stjarnan**
Stjörnuheimilinu v/ Ásgarð
210 Garðabær, Ísland

stjarnan@stjarnan.is
www.stjarnan.is
[+354] 565 1940

# UMF STJARNAN

Aðalfundur Stjörnunnar 25.apríl 2022

Starfsár 2021

---

*FAGMENNSKA*

*SAMVINNA*

*GLEÐI*

*ÁRANGUR*

# EFNISYFIRLIT

00


1. Skýrsla Aðalstjórnar 1
2. Starfsemi 7
3. Lög félagsins 9
4. Heiðursviðurkenningar 16
5. Skýrsla Almenningsdeildar 31
6. Skýrsla Fimleikadeildar 35
7. Skýrsla Handknattleiksdeildar 39
8. Skýrsla Knattspyrnudeildar 41
9. Skýrsla körfuknattleiksdeildar 50
10. Skýrsla Lyftingadeildar 59
11. Skýrsla Sunddeildar 60
12. Áritun óháðs endurskoðanda 65
13. Skýrsla stjórnar 67
14. Rekstrarreikningur 68
15. Efnahagsreikningur 69
16. Sjóðstreymi 71
17. Skýringar 72
18. Ársreikningur Aðalstjórnar 74
19. Ársreikningar deilda 76

# 1. ÁVARP FORMANNS
# SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR

01

Þegar sú aðalstjórn sem nú hefur setið óbreytt í nærri tvö ár tók til starfa að vori 2020 var Covid-19 heimsfaraldurinn þegar skollinn á og farinn að gera íþróttastarfi jafnt innanlands sem utan verulega skráveifu. Árið 2020 markaðist að miklu leyti af áhrifum faraldursins og í ársbyrjun 2021 var það því eflaust einlæg von allra þeirra sem á einhvern hátt tengjast íþróttastarfi í landinu að þeim skæða vágesti myndi fljótt þverra þrek. Í skýrslu aðalstjórnar fyrir starfsárið 2020 klykkti undirritaður út með þeirri ósk að hækkandi sól færði okkur bjartari tíma í íslensku íþróttalífi. Svo mörg voru þau orð!

Líkt og árið á undan fór starfsárið 2021 ekki varhluta af samkomutakmörkunum, skyndilokunum og alls kyns öðrum sóttvarnaraðgerðum. Eftir víðtækar takmarkanir á íþróttastarfi yfir áramót var leyfi loks gefið um miðjan janúar fyrir æfingum yngri iðkenda upp að 16 ára aldri, en þó eingöngu að ströngum sóttvarnarskilyrðum uppfylltum. Afrekshópar félagsins höfðu þá þegar fengið undanþágu frá almennu æfingabanni og máttu halda úti æfingum í fámennum hópum án snertinga. Eftir sat hins vegar viðkæmur aldurshópur, 16-20 ára ungmenni sem ekki sóttu æfingar með meistaraflokkum félagsins. Óhætt er að segja að áhyggjur forsvarsmanna félagsins af félagslegri einangrun þessa aldurshóps hafi verið verulegar, einkum og sér í lagi þar sem skólahald lá einnig niðri á sama tíma. Var rík áhersla lögð á að þjálfarar væru í góðum samskiptum við sína iðkendur, leggðu sig fram um að vera lausnamiðaðir varðandi heimaæfingar og hvettu til almennrar hreyfingar. Engu minni áhersla var lögð á mikilvægi þess að þjálfarar stuðluðu að félagslegum samskiptum á milli iðkenda og reyndu eftir fremsta megni að huga að andlegri og líkamlegri heilsu þeirra. En faraldurinn hafði ekki einungis áhrif á iðkendur félagsins heldur var allt viðburðahald og kappleikir í sérkennilegum búningi lengi fram eftir ári, þar sem áhorfendur voru ýmist alfarið bannaðir eða leyfðir að mjög stífum sóttvarnarskilyrðum uppfylltum. 25 til 500 áhorfendur hverju sinni, sóttvarnarhólf og aðrar íþyngjandi takmarkanir sem kölluðu á strangari umgjörð og aukið umfang. Varpaði ástand þetta óneitanlega skugga á kappleiki og ýmsa viðburði félagsins. En það er einnig á stundum

02

sem þessum sem hið sanna Stjörnuhjarta slær hvað sterkast. Aðdáunarvert var að fylgjast með metnaði, eljusemi og þrautseigju sjálfboðaliða jafnt sem starfsmanna, sem tókust á við síbreytilegar aðstæður þar sem oft á tíðum þurfti á örskotsstundu að aðlaga starfsemina að nýjum leikreglum og tileinka sér nýja tækni og vinnubrögð. Færir aðalstjórn þessum frábæra hópi fólks innilegustu þakkir fyrir þeirra óeigingjarna framlag til félagsins á erfiðum og fordæmalausum tímum.

Aðalfundur félagsins í fyrra var haldinn þann 15. apríl og var við það tilefni kosið um þrjú sæti í aðalstjórn. Heiðrún Jónsdóttir, varaformaður stjórnar, Þórdís B. Sigurbjörnsdóttir, meðstjórnandi, og Erling Ásgeirsson, varamaður í stjórn, buðu sig öll fram til endurkjörs og voru sjálfkjörin á fundinum. Á starfsárinu 2021 tóku ríflega 4.000 virkir iðkendur og yfir 400 þjálfarar og aðrir starfsmenn þátt í starfsemi félagsins, að ógleymdum þeim mikla fjölda sjálfboðaliða sem situr í stjórnum deilda, ráðum og nefndum, eða kemur að starfinu á annan hátt. Hjá félaginu eru sem fyrr starfandi sjö deildir: fimleika-, handknattleiks-, knattspyrnu-, körfuknattleiks-, lyftinga-, sund- og almenningsíþróttadeild. Velta félagsins á árinu nam 980 m.kr. og niðurstaða rekstrar var jákvæð um 111 m.kr. Heildareignir félagsins í árslok námu 292 m.kr., eigið fé var 188 m.kr. og heildarskuldir 104 m.kr. Sjóðstaða í árslok var jákvæð sem nam 211 m.kr.

Rekstrarniðurstaða ársins 2021 er ánægjuleg og lausafjárstaða félagsins í árslok er sterk. Þegar rekstrarniðurstaðan er skoðuð er hins vegar vert að hafa í huga þau áhrif sem aðgerðapakki stjórnvalda til handa íþróttafélögum og góðgerðarsamtökum til að stemma stigu við neikvæðum afleiðingum Covid-19 hafði á rekstur félagsins. Fólst aðgerðapakkinn einkum í tvenns konar aðgerðum, annars vegar að mæta tekjutapi vegna áhorfendabanns og stöðvunar á viðburðahaldi og hins vegar að veita fjárstuðning svo unnt væri að standa skil á launagreiðslum á þeim tíma þegar starfsemi íþróttafélaga lá niðri vegna sóttvarnaraðgerða. Má ljóst vera að án þessara aðgerða hefðu áhrif heimsfaraldursins bæði til skemmri og lengri tíma að öllum líkindum orðið dýpri og alvarlegri fyrir rekstur íþróttahreyfingarinnar. Engu að síður má gera ráð fyrir að yfirstandandi

03

rekstrarár og jafnvel komandi ár verði krefjandi í rekstri á meðan afleiðingar heimsfaraldursins fjara út að fullu og óvissu vegna stríðsátaka í heiminum léttir. Verður því aukin krafa á félagið allt að sýna enn frekari ráðdeild í rekstri.

En þrátt fyrir áhrif og afleiðingar Covid-19 á síðastliðnu starfsári tókst engu að síður að ljúka keppnistímabili flestra íþróttagreina. Því fylgdu hins vegar ýmsar áskoranir sem reyndu töluvert á andlegt og líkamlegt úthald íþróttafólks, þar sem keppnistímabil flestra vetrargreina teygði sig vel inn í sumarið. Stjarnan náði frábærum árangri á ýmsum vígstöðvum á árinu og má þar t.a.m. nefna Íslands- og bikarmeistaratitla karla- og kvennaliða félagsins í hópfimleikum, bikarúrslitaleik meistaraflokks karla í körfuknattleik, þar sem liðið þurfti á endanum að lúta í lægra haldi fyrir Njarðvík eftir æsispennandi úrslitaleik, og undanúrslitaleik meistaraflokks karla í Coca-Cola bikarnum í handknattleik, þar sem naumt tap gegn Fram varð niðurstaðan eftir jafnan og bráðfjörugan leik. Þá eru ótaldir allir þeir fjölmörgu titlar sem yngri flokkar félagsins söfnuðu að sér á árinu og ljóst að framtíðin í Garðabænum hefur sjaldan verið jafnt björt og einmitt nú.

Ekki er heldur annað hægt en að rifja upp frábæran árangur fimleikafólks Stjörnunnar með landsliðum Íslands á Evrópumótinu í hópfimleikum sem fram fór í nóvember. Þar átti Stjarnan 26 landsliðsmenn. Kvennalið Íslands, sem skipað var níu fulltrúum Stjörnunnar, varð Evrópumeistari og kórónaði Kolbrún Þöll Þorradóttir stórkostlegan árangur á árinu með því að hreppa annað sæti í kjöri á íþróttamanni ársins í árslok. Er Stjarnan virkilega stolt af þessu frábæra fimleikafólki og er ómetanlegt að hafa jafn sterkar og jákvæðar fyrirmyndir innan okkar raða.

Góð ásókn var í sumarnámskeið félagsins á síðastliðnu sumri og var einstaklega vel tekið í ný námskeið sem boðið var upp á fyrir eldri iðkendur. Um sumarið var einnig ráðist í miklar og langþráðar framkvæmdir á Samsungvellinum þegar sett var upp sérstakt vökvunarkerfi. Fylgdi þessum framkvæmdum töluvert rask um tíma og jókst þar með enn frekar flækjustigið við framkvæmd æfinga og leikja, sem var töluvert fyrir sökum strangra sóttvarnarreglna og skilyrða. En með þolinmæði og útsjónarsemi leysti starfsfólk þær flækjur með miklum sóma

04

og gengu framkvæmdir heilt yfir vel fyrir sig. Með haustinu hófst vetrarstarfsemi félagsins af fullum krafti á ný og var einkar ánægjulegt að sjá að þær áhyggjur sem verið höfðu uppi um mögulegt brottfall barna og unglinga í kjölfar heimsfaraldurs virtust ekki á rökum reistar. Í nóvember fór hins vegar aftur að bera á hertari sóttvarnaraðgerðum og svo fór að í lok árs var staðan ekki mikið frábrugðin þeirri sem verið hafði ári fyrr. Um þetta leyti stóð til að ráðast í stefnumótun og nánari útlistun á framtíðarsýn félagsins, en ákveðið var að slá þeirri vinnu á frest sökum fjöldatakmarkana. Með hækkandi sól standa vonir til að unnt verði að halda þeirri vegferð áfram og nýta þá undirbúningsvinnu sem búið var að vinna undir lok síðasta árs. Jafnframt var unnið að uppfærslu á handbók Stjörnunnar og vottun félagsins sem fyrirmyndafélags ÍSÍ. Er stefnt á að ný handbók verði kynnt fyrir stjórnum deilda á vordögum.

Stjarnan er ákaflega stolt af því mikilvæga hlutverki sem félagið gegnir í samfélaginu okkar í Garðabæ. Félagið er meðal stærstu þjónustuaðila í bæjarfélaginu og er hlutverk þess þríþætt:

- Barna- og unglingastarf
- Afreksstarf
- Almenningsíþróttir fyrir fullorðna

Í barna- og unglingastarfinu er hugsjónin fyrst og fremst að skila út í samfélagið sterkum einstaklingum sem læra í gegnum íþróttirnar að takast á við gleði og sorgir, sigra og töp, meðbyr og mótlæti. Einstaklingum sem þora að gera mistök, læra af þeim og hafa hugrekki til að elta drauma sína og feta ótroðnar slóðir. Ekki má heldur gleyma því mikla forvarnargildi sem þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur. Slík þátttaka, ásamt samvistum við forráðamenn og fjölskyldu, eru tveir stórir þættir sem hafa áhrif til góðs þegar litið er til áhættuhegðunar barna og ungmenna. Afar mikilvægt er að halda ótrauð áfram á braut forvarna og hlúa enn betur að því starfi sem unnið er á þessu sviði.

Í afreksstarfi er Stjarnan í fremstu röð. Auk þeirrar sigurhefðar, skemmtanagildis, samstöðu og félagslegrar samveru sem afreksstarfið elur af sér er eitt af stóru hlutverkum afreksstarfsins að skapa fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur. Eins og áður hefur komið fram er ómetanlegt að eiga sterkar fyrirmyndir og óhætt er að fullyrða að í Stjörnunni eigum við fjöldann allan af slíkum

05

sem við öll, börn og fullorðnir, getum stolt litið upp til. Samstaðan sem myndast í kringum afreksfólkið okkar á stóran þátt í að þjappa okkur saman og við finnum fyrir því að tilheyra stærri heild.

Í nýliðnum febrúar opnaði í Vetrarmýri nýtt og glæsilegt fjölnota íþróttamannvirki sem fengið hefur nafnið Miðgarður. Um er að ræða fjölnota íþróttahús með knattspyrnuvelli, klifurvegg, lyftingaaðstöðu og fjölnota styrktarsal, svo fátt eitt sé nefnt. Hefur biðin eftir fullbúnum knattspyrnuvelli innanhúss verið löng og því einstaklega ánægjulegt að þessum áfanga sé nú náð. Er ljóst að þessi aðstaða mun vera mikil lyftistöng fyrir knattspyrnudeild, félagið í heild og allt íþróttalíf í Garðabæ. Bindum við í Stjörnunni miklar vonir við að geta aukið enn frekar þjónustuframboð félagsins með tilkomu þessa glæsta mannvirkis.

Síðastliðið ár reyndist félaginu ekki síður stór áskorun en árið þar á undan, bæði út frá félagslegu og fjárhagslegu sjónarmiði. Íþróttastarf er stór hluti af okkar daglega lífi og fátt hefur meiri sameiningarmátt en að fylkja liði undir fána félagsins okkar. Því fengum við svo sannarlega að kynnast þegar heimsfaraldur lamaði stóran hluta starfseminnar á löngum köflum yfir tveggja ára tímabil, lokaði íþróttamannvirkjum, meinaði okkur aðgang að viðburðum og lagði íþyngjandi hömlur á æfingar og kappleiki. Í þetta sinn trúum við því hins vegar staðfastlega að ljósið við endann á göngunum sé raunveruleg leið út en ekki aðeins lest á móti.

Undirritaður lætur nú af starfi formanns aðalstjórnar eftir tvö lærdóms- og viðburðarík ár. Vil ég nota tækifærið og þakka okkar frábæra starfsfólki, sjálfboðaliðum, styrktaraðilum og öðrum velunnurum félagsins fyrir ánægjulega samfylgd. Með gildin okkar að vopni – samvinna, fagmennska, árangur og gleði – stefnum við nú ótrauð á nýja sigra, reynslunni ríkari og sterkari fyrir vikið.

Skíni Stjarnan!

*Fyrir hönd aðalstjórnar Stjörnunnar,*

*Sigurgeir Guðlaugsson,*

*formaður Umf. Stjörnunnar*




## ÞJÁLFARI ÁRSINS 2021

# VEIGAR PÁLL GUNNARSSON

## 2. FJÖLDI IÐKENDA

# STARFSEMI

02

Fjöldi virkra iðkenda í barna- og unglingastarfi félagsins starfsárið 2021 til vor 2022 eru samtals 3.600 í dag. Líkt og kom fram í skýrslu aðalstjórnar hér að framan eru virkir iðkendur í starfi félagsins í kringum 4.000 einstaklingar. Lyftingadeild félagsins hefur verið í vexti með tilkomu bættrar aðstöðu sem aukið hefur þjónustuframboð félagsins ennfrekar. Knattspyrnudeild félagsins er í dag stærsta deild félagsins en fimleikadeild kemur þar þétt á eftir, hér til hliðar er mynd sem sýnir hlutfallslega skiptingu iðkenda milli deilda félagsins.



08

**Sumarstarfsemi**

Sumarstarfsemi félagsins er ávallt blómleg en félagið býður upp á sérstök námskeið yfir sumarið sem ekki falla undir hefðbundnar æfingar flokka félagsins. Auking hefur verið á sumarnámskeiðum fyrir fyrir eldri iðkendur. Sem er ánægjuleg viðbót við þá þjónustu sem félagið hefur boðið upp á. Alls tóku yfir 1.100 krakkar þátt í þeim námskeiðum sem voru í boði. Hér fyrir neðan er hægt að skoða skiptingu þeirra eftir námskeiðum deilda frekar.



# 3. LÖG FÉLAGSINS



**Lög U.M.F. Stjörnunnar**

Samþykkt á aðalfundi í maí 2019.

**1. gr.**

Félagið heitir Ungmennafélagið Stjarnan, skammstafað U.M.F. Stjarnan.

**2. gr.**

Starfssvæði U.M.F. Stjörnunnar er Garðabær.

**3. gr.**

Tilgangur félagsins er að efla líkams og heilsurækt í formi keppnis- og almenningsíþrótta hjá öllum aldurshópum í Garðabæ. Ennfremur að efla samkennd bæjarbúa með virkri þátttöku í íþrótta- og félagsstarfi.

**4. gr.**

Félagið er myndað af einstaklingum í íþróttadeildum, sem hafa sameiginlega aðalstjórn. Aðalstjórn skipar deildarstjórnir og fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda.

**5. gr.**

Félagi getur hver sá orðið, sem skráður er í félagið og greiðir félags- eða æfingagjald til þess.

6. gr.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynnt aðalstjórn.

**7. gr.**

Semja skal ársreikning fyrir aðalstjórn U.M.F. Stjörnunnar og einstakar deildir félagsins. Hver deild skal annars vegar gera upp rekstur barna- og unglingastarfs og hins vegar rekstur keppnisíþrótta fyrir 18 ára og eldri. Jafnframt skal semja samstæðureikning fyrir UMF. Stjörnuna. Ársreikningurinn skal gerður samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju. Hann skal sýna yfirlit um rekstur og framkvæmdir á reikningsárinu og efnahagsreikning í lok reikningsárs ásamt skýringum. Í ársreikningi skal sýna fjárhagsáætlun reikningsársins til samanburðar og í honum skal koma fram yfirlit um fjárhagslegar skuldbindingar félagsins. Ráðinn skal löggiltur endurskoðandi til þess að yfirfara og árita ársreikninginn í samræmi við lög og reglur og góðar skoðunarvenjur. Með endurskoðun sinni skal hann komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika ársreiknings og ganga úr skugga um að fylgt

hafi verð ákvæðum laga, reglna og samþykkta um meðferð fjármuna. Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

**8. gr.**

Aðalstjórn U.M.F. Stjörnunnar fer með stjórn félagsins samkvæmt ákvæðum samþykkta þessara. Aðalstjórn skal skipuð 5 mönnum, formanni, varaformanni, ritara, og tveimur meðstjórnanda, ásamt 2 varamönnum. Aðalstjórn skal kosin á aðalfundi félagsins og skal formaður kosinn sérstaklega.

**9. gr.**

Aðalstjórn ber að samræma starfsemi félagsins, vinna að eflingu þess og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Aðalstjórn er málsvari félagsins út á við og skýrir sjónarmið þess á þeim vettvangi. Aðalstjórn ákveður félagsgjöld í upphafi starfstímabils og heldur skrá yfir alla félagsmenn. Aðalstjórn skal skipa trúnaðarmenn félagsins og þær nefndir sem hún telur nauðsynlegar hverju sinni. Aðalstjórn er heimilt að víkja mönnum úr félaginu eða setja þá í keppnisbann álíti hún framkomu þeirra vítaverða og brjóta í bága við anda íþróttahreyfingarinnar. Sjóði félagsins skal ávaxta í viðurkenndum innlánsstofnunum. Aðalstjórn skal halda stjórnarfundi minnst einu sinni í mánuði og skal halda um þá sérstaka gerðarbók. Enga fullnaðarákvörðun getur aðalstjórn tekið nema með samþykki meirihluta stjórnarmanna. Aðalstjórn hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og ræður starfsemi þess.

**10. gr.**

Aðalstjórn U.M.F. Stjörnunnar ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn félagsins til þess að annast framkvæmd ákvarðana aðalstjórnar, framkvæmd ákvarðana stjórna einstakra deilda og verkefni félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins skal sitja fundi aðalstjórnar, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi aðalstjórnar og hefur á hendi framkvæmd þeirra ákvarðana, sem aðalstjórn tekur. Framkvæmdastjóri er prókúruhafi U.M.F. Stjörnunnar. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni félagsins prókúru að fengnu samþykki aðalstjórnar. Prókúruhafar félagsins skulu vera fjár sín ráðandi. Framkvæmdastjóri undirritar skjöl

varðandi kaup og sölu eigna félagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl og samninga, sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir, sem samþykki aðalstjórnar eða stjórna einstakra deilda félagsins þarf til.

**11. gr.**

Aðalstjórn skal ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári halda fundi með formönnum deilda eða staðgenglum þeirra. Slíkir fundir kallast félagsráðsfundir og þar skulu helstu ákvarðanir aðalstjórnar kynntar og stefnumarkandi ákvarðanir ræddar.

**12. gr.**

Aðalstjórn skal hafa umsjón með stofnun nýrra íþróttadeilda.

**13. gr.**

Aðalstjórn skipar minnst 3 menn í deildarstjórnir. Að jafnaði skal skipa deildarstjórnir eftir að reglulegum starfstíma deilda lýkur. Hlutverk stjórna deilda er að annast daglegan rekstur deilda í samræmi við stefnu og markmið félagsins. Stjórnir deilda fara ásamt framkvæmdastjóra félagsins með framkvæmdastjórn deilda og fjármálastjórn í samræmi við fjárhagsáætlun hverju sinni. Þær hafa hver um sig umsjón með rekstri einstakra deilda, undirbúa fjárhagsáætlanir og sjá um að ársreikningar séu samdir reglum samkvæmt. Stjórnum einstakra deilda er heimil fullnaðarákvörðun mála, sem eigi varða verulega fjárhag deildanna, enda sé eigi ágreiningur innan stjórnar eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina.

**14. gr.**

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 15. maí ár hvert. Til aðalfundar skal boðað með minnst viku fyrirvara í almennri auglýsingu í Garðabæ. Aðalfundur telst löglegur, sé löglega til hans boðað.

Kosningarétt og kjörgengi á aðalfundi hafa allir skuldlausir félagsmenn er náð hafa 18 ára aldri. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1) Fundur settur.
2) Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
3) Flutt skýrsla aðalstjórnar og einstakra deilda frá síðasta ári.
4) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar aðalstjórnar og einstakra deilda félagsins, ásamt heildarreikningi fyrir allt félagið.
5) Umræða og atkvæðagreiðsla um skýrslu

aðalstjórnar, deilda og reikninga.

6) Lagabreytingar.

7) Kjör aðalstjórnar.

- formaður til tveggja ára
- stjórnarmenn til tveggja ára
- varastjórnarmenn til tveggja ára
- endurskoðendur til eins árs
- varaendurskoðendur til eins árs

Á hverjum aðalfundi skal kjósa tvo stjórnarmenn og einn varamann. Formaður er kosinn annað hvert ár.

8) Önnur mál.

Á aðalfundi félagsins ræður meirihluta greiddra atkvæða úrslitum mála. Þó þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til að breyta lögum félagsins, veita aðalstjórn heimild til að selja eða veðsetja fasteignir þess og til að leggja félagið niður.

Slíkar tillögur má einungis bera fram á aðalfundi félagsins, eða almennum fundi sbr. 14. gr., enda hafi þær borist aðalstjórn minnst tveimur vikum fyrir fund.

Aðalstjórn skal geta þess í fundarboði að slíkar tillögur hafi komið fram og að menn geti kynnt sér þær í Stjörnuheimilinu við Ásgarð á aðgengilegum tíma.

Verði tillaga um félagsslit samþykkt á aðalfundi eða almennum félagsfundi skal boða til framhaldsaðalfundar eða nýs félagsfundar eftir minnst tvær vikur en innan fjögurra vikna. Komi til félagsslita skal bæjarstjórn Garðabæjar hafa umráðarétt með eignum og sjóðum félagsins. Verði sambærilegt félag stofnað síðar innan bæjarfélagsins skulu eignirnar renna til þess.

**15. gr.**

Fyrir upphaf hvers starfsárs skulu stjórnir deilda gera fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem skal lögð fyrir aðalstjórn til samþykktar. Fjárhagsáætlun sem aðalstjórn hefur samþykkt skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn U.M.F. Stjörnunnar á viðkomandi reikningsári. Við gerð fjárhagsáætlunar skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu félagsins og hverrar deildar. Aðalstjórn U.M.F. Stjörnunnar skal árlega gæta þess svo sem kostur er, að heildarútgjöld félagsins fari ekki fram úr heildartekjum þess. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga. Form fjárhagsáætlunar

skal vera í samræmi við form ársreiknings. Heimilt er að endurskoða fjárhagsáætlun U.M.F. Stjörnunnar, aðalstjórnar og deilda félagsins, og gera á henni nauðsynlegar breytingar, ef í ljós koma breytingar á forsendum fjárhagsáætlunar. Slíkar breytingar öðlast gildi, þegar aðalstjórn félagsins hefur samþykkt þær. Til útgjalda, sem ekki eru samningsbundin eða leiða af samþykkt aðalstjórnar U.M.F. Stjörnunnar, má ekki stofna nema til komi samþykki aðalstjórnar.

**16. gr.**

Aðalstjórn skal boða til almenns félagsfundar ef:

1) meirihluti aðalstjórnar telur þörf krefja.

2) minnst 1/10 hluti atkvæðisbærra félagsmanna krefst þess skriflega eða

3) félagsslit hafa verið samþykkt á aðalfundi eða almennum félagsfundi sbr. 14. gr.

Almennur félagsfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað samkv. 14. gr. Í fundarboði skal þess skýrt getið hvaða málefni fundinum er ætlað að fjalla um. Ekki er heimilt að afgreiða aðrar tillögur eða málefni á almennum félagsfundi en getið er í fundarboði. Almennur félagsfundur skal haldinn minnst tveimur vikum og mest fjórum vikum frá því að lögmæt krafa kom fram um að fundur skuli haldinn. Almennur félagsfundur er lögmætur ef minnst fjórðungur atkvæðisbærra félagsmanna sækir fundinn. Nú telst fundur ekki lögmætur vegna þessa og skal þá boða til nýs fundar með sama hætti og áður. Skal tekið fram í fundarboðinu að til fundarins sé boðað öðru sinni. Telst sá fundur lögmætur óháð því hversu mikil fundarsókn er.

**17. gr.**

Meginlitir búninga félagsins skulu vera blár og hvítur. Aðalstjórn er heimilt að leyfa undantekningar, s.s. að aukalitum sé bætt við. Aðalstjórn skal setja reglugerð um gerð búninga, sem hafi að geyma leiðbeinandi reglur um hvaða undantekningar verði samþykktar.

**18. gr.**

Aðalstjórn skal setja reglugerð um notkun og meðferð á félagsmerki Stjörnunnar. Ávallt skal gengið út frá því að merkið sé ess (s) á stjörnu.

**19. gr.**

Aðalstjórn skal setja sérstaka reglugerð um veitingar viðurkenninga fyrir vel unnin störf í

þágu félagsins.

**20. gr.**

a) Félagið skal setja á aðalfundi eða almennum félagsfundi reglur um úthlutun úr afrekssjóði sem kallast stofnskrá afrekssjóðs.
b) Aðalstjórn skal setja sérstaka reglugerð um úthlutun úr afrekssjóði sem byggir á stofnskrá afrekssjóðs.

**21. gr.**

Með lögum þessum falla eldri lög félagsins úr gildi.




ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS 2021

# KOLBRÚN ÞÖLL ÞORRADÓTTIR

# 4. HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

**Gullstjarna með lárviðarsveig**

Heiðursviðurkenningu þessa er heimilt að veita fyrir mikil og farsæl störf á þágu félagsins í a.m.k. 15 ár. Þeir sem hljóta þessa viðurkenningu verða heiðursfélagar Stjörnunnar.

| | |
|---|---|
| Birgir Guðmundsson | |
| Sr. Bragi Friðriksson | |
| Hallgrímur Sæmundsson | |
| Ingvi Guðmundsson | |
| Vilbergur Júlíusson | |
| Anna Ragnheiður Möller | 2014 |
| Benedikt Sveinsson | 2014 |
| Erling Ásgeirsson | 2014 |
| Lárus Blönda | 2015 |
| Snorri Olsen | 2015 |
| Jóhann Ingi Jóhannsson | 2017 |
| Steinar J. Lúðvíksson | 2017 |
| Guðjón E. Friðriksson | 2018 |
| Jón Á. Eyjólfsson | 2018 |
| Jóhann S. Ingimundarson | 2019 |
| Gunnar Einarsson | 2019 |
| Sigurður Bjarnason | 2020 |

**Félagsmálaskjöldur**

Félagsmálaskjöld UMF Stjörnunar skal veita á árlega. skjöldurinn er veittur einstaklingi sem unnið hefur félaginu ómetanlegt starf í áraraðir. Þrír síðustu handhafar skjaldarins gera tillögu til aðalstjórnar um hver skuli hljóta hann.

| | |
|---|---|
| Anna R. Möller | 2003 |
| Bergþóra Sigmundsdóttir | 2003 |
| Páll Bragason | 2003 |
| Eysteinn Haraldsson | 2004 |
| Pálína Hinriksdóttir | 2005 |
| Lárus Blöndal | 2006 |
| Sævar Jónsson | 2007 |
| Eiríkur Þorbjörnsson | 2008 |
| Andrés B. Sigurðsson | 2009 |
| Snorri Olsen | 2010 |
| Gunnar Kr. Sigurðsson | 2011 |
| Sigmundur Hermundsson | 2012 |
| Sigrún Dan Róbertsdóttir | 2013 |
| Jóhann Ingi Jóhannsson | 2014 |
| Halldór Sigurðsson | 2015 |
| Anna Margrét Halldórsdóttir | 2016 |
| Árni Ragnarsson | 2017 |
| Þorsteinn Þorbergsson | 2018 |
| Magnús K. Daníelsson | 2019 |
| Harpa Rós Gísladóttir | 2020 |

**Silfurpeningur**

Heiðursviðurkenningu þessa er heimilt að veita aðilum utan félagsins sem hafa starfað fyrir það eða greitt götu þess á einn eða annan hátt og ástæða þykir til að þakka sérstaklega fyrir veittan stuðning eða hlýhug til félagsins.
Heimilt er að veita einstaklingum jafnt sem félögum og fyrirtækjum þessa heiðursviðurkenningu.

| | |
|---|---|
| Friðbjörn Pálsson | 2012 |
| Silfurskeiðin | 2013 |
| Elín Birna Guðmundsdóttir | 2014 |
| Ólafur Ágúst Gíslason | 2014 |
| Siggeir Magnússon | 2015 |
| Niclaes Jerkholt | 2015 |
| Alice Flodin | 2015 |
| Ómar Kristjánsson | 2016 |
| Gunnar Richardsson | 2017 |
| Khalil Bouker | 2019 |
| Kári Jónsson | 2020 |
| Kristján Hilmarsson | 2020 |

**Gullstjarnan**

Heiðursviðurkenningu þessa er heimilt að veita fyrir a.m.k. 10 ára starf og/eða keppni á vegum félagsins.

| | |
|---|---|
| Albrecht Ehmann | |
| Alda Helgadóttir | |
| Andrés B. Sigurðsson | |
| Anna Ragnheiður Möller | |
| Benedikt Sveinsson | |
| Bergþóra Sigmundsdóttir | |
| Bragi Eggertsson | |
| Erling Ásgeirsson | |
| Eysteinn Haraldsson | 2000 |
| Geir Ingimarsson | 2000 |
| Guðjón Erling Friðriksson | 2000 |
| Gunnar Einarsson | 2000 |
| Gunnlaugur Sigurðsson | 2000 |
| Gyða Kristmannsdóttir | 2000 |
| Helga Sigurbjarnardóttir | 2000 |
| Jóhannes Sveinbjörnsson | 2000 |
| Jón Guðmundsson | 2000 |
| Júlíus Arnarson | 2000 |
| Kristinn Rafnsson | 2000 |
| Kristófer Valdimarsson | 2000 |
| Lovísa Einarsdóttir | 2000 |
| Magnús Andrésson | 2000 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Magnús Teitsson | 2000 | Sigrún Dan Róbertsdóttir | 2012 | Vilhjálmur Halldórsson | 2019 |
| Páll Bragason | 2000 | Páll Grétarsson | 2014 | Gunnar Ö. Erlingsson | 2019 |
| Páll Skúlason | 2000 | Einar Einarsson | 2015 | Magnús Magnússon | 2019 |
| Sigmundur Hermundsson | 2000 | Valdimar Kristófersson | 2015 | Elín B. Guðmundsdóttir | 2019 |
| Sigurður Þorsteinsson | 2000 | Ingvar Ragnarsson | 2015 | Magnús V. Heimisson | 2019 |
| Steinar J. Lúðvíksson | 2000 | Skúli Gunnsteinsson | 2015 | Sæmundur Friðjónsson | 2019 |
| Sævar Jónsson | 2000 | Jóhann Steinar Ingimundarson | 2015 | Sigurður S. Þórðarson | 2019 |
| Tómas Kaaber | 2000 | Jón Ásgeir Eyjólfsson | 2015 | Victor I. Olsen | 2019 |
| Vigdís Sigurðardóttir | 2000 | Almar Guðmundsson | 2016 | Valgeir Sigurðsson | 2019 |
| Þórarinn Sigurðsson | 2000 | Sigurður Guðmundsson | 2016 | Gunnar Leifsson | 2019 |
| Lárus Blöndal | 2006 | Lúðvík Örn Steinarsson | 2016 | Hilmar Júlíusson | 2019 |
| Pálína Hinriksdóttir | 2007 | Vilhjálmur Bjarnason | 2017 | Aðalsteinn Örnólfsson | 2020 |
| Jóhann Ingi Jóhannsson | 2007 | Guðný Gunnsteinsdótti | 2017 | Ásta Kristjánsdóttir | 2020 |
| Snorri Olsen | 2008 | Þorsteinn Þorbergsson | 2017 | Bogi Thorarensen | 2020 |
| Halldór Sigurðsson | 2009 | Magnús K. Daníelsson | 2018 | Guðrún Jónsdóttir | 2020 |
| Gunnar Kr. Sigurðsson | 2010 | Einar P. Tamimi | 2018 | Halldór Ragnar Emilsson | 2020 |
| Vignir Þröstur Hlöðversson | 2012 | Friðbjörn Pálsson | 2018 | Kristján Thorlacius | 2020 |

| | |
|---|---|
| Pétur Bjarnason | 2020 |
| Sigríður Dís Gunnarsdóttir | 2020 |

**Silfurstjarna**

Heiðursviðurkenningu þessa er heimilt að veita fyrir a.m.k. 5 ára starf og/eða keppni á vegum félagsins.

| | |
|---|---|
| Arnar Smári Þorvarðarson | 2012 |
| Emil Gunnarsson | 2012 |
| Hannes Ingi Geirsson | 2012 |
| Svala Vignisdóttir | 2012 |
| Gunnar Richardsson | 2013 |
| Anna Margrét Halldórsdóttir | 2014 |
| Bogi Thorarensen | 2014 |
| Eyjólfur Ingimarsson | 2014 |
| Guðmundur Thorarensen | 2014 |
| Guðni Björnsson | 2014 |
| Hannes Árnason | 2014 |
| Herdís Sigurbergsdóttir | 2014 |
| Hilmar Júlíusson | 2014 |
| Kristín Anna Ólafsdóttir | 2014 |
| Lúðvík Örn Steinarsson | 2014 |
| Magnús Karl Daníelsson | 2014 |
| Magnús Magnússon | 2014 |
| Ragnheiður Stephensen | 2014 |
| Ragnheiður Traustadóttir | 2014 |
| Sigurður Bjarnason | 2014 |
| Sigurður Guðmundsson | 2014 |
| Vilhjálmur Bjarnason | 2014 |
| Þorsteinn Þorbergsson | 2014 |
| Almar Guðmundsson | 2015 |
| Ágústa Hjartadóttir | 2015 |
| Einar Páll Tamimi | 2015 |
| Einar Gunnar Guðmundsson | 2015 |
| Jóhannes Jóhannesson | 2015 |
| Ólafur Reimar Gunnarsson | 2015 |
| Unnur Johnsen | 2015 |
| Trausti Víglundsson | 2015 |
| Sigurður Sveinn Þórðarson | 2015 |
| Sturla Þorsteinsson | 2015 |
| Valgeir Sigurðsson | 2015 |
| Ágústa J Jóhannesdóttir | 2016 |
| Hanna Lóa Friðbjörnsdóttir | 2016 |
| Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir | 2016 |
| Kristinn Ingi Lárusson | 2016 |
| Gunnar Guðni Leifsson | 2016 |
| Magnús Viðar Heimisson | 2016 |
| Sæmundur Friðjónsson | 2016 |
| Victor Ingi Olsen | 2016 |
| Jón Svan Sverrisson | 2017 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Halldór Ragnar Emilsson | 2017 | Eyþór Sigfússon | 2018 | Steinunn Geirmundsdóttir | 2018 |
| Björn Másson | 2017 | Gísli Willardsson | 2018 | Sunna B. Helgadóttir | 2018 |
| Kristján Másson | 2017 | Grétar Sveinsson | 2018 | Vilhjálmur Halldórsson | 2018 |
| Anna María Kristmundsdóttir | 2017 | Gunnar S. Ingason | 2018 | Örnólfur Valdimarsson | 2018 |
| Þórarinn Einar Engilbertsson | 2017 | Gunnar Ö. Erlingsson | 2018 | Alexander I. Olsen | 2019 |
| Margrét Björg Guðmundsdóttir | 2017 | Hannes M. Sigurðsson | 2018 | Aron Georgsson | 2019 |
| Baldur Ólafur Svavarsson | 2017 | Heimir Erlingsson | 2018 | Áslaug A. Guðmundsdóttir | 2019 |
| Gunnar Berg Viktorsson | 2017 | Helgi H. Jónsson | 2018 | Birgir Sigfússon | 2019 |
| Ásta Kristjánsdóttir | 2017 | Hermann Arason | 2018 | Elías K. Guðmundsson | 2019 |
| Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir | 2017 | Hrönn S. Steinarsdóttir | 2018 | Elías K. Vignisson | 2019 |
| Brynja Ástráðsdóttir | 2017 | Jón Nóason | 2018 | Guðni Björnsson | 2019 |
| Kristján B. Thorlacius | 2017 | Jón Þ. Helgason | 2018 | Guðrún Jónsdóttir | 2019 |
| Þorsteinn Júlíus Árnason | 2017 | Kristján S. Kristjánsson | 2018 | Gunnar Viðar | 2019 |
| Sigríður Dís Guðjónsdóttir | 2017 | Lofur S. Loftsson | 2019 | Harpa R. Gísladóttir | 2019 |
| Anna Laxdal | 2018 | Magnús Stephensen | 2018 | Inga F. Tryggvadóttir | 2019 |
| Bernhard Laxdal | 2018 | Rakel J. Guðmundsdóttir | 2018 | Inga S. Björgvinsdóttir | 2019 |
| Eymundur S. Einarsson | 2018 | Sindri B. Davíðsson | 2018 | Jón V. Magnússon | 2019 |

| | |
|---|---|
| Karen Sigurðardóttir | 2019 |
| Kolfinna Birgisdóttir | 2019 |
| Kristín Einarsdóttir | 2019 |
| Margrét Vilhjálmsdóttir | 2019 |
| Nína Svavarsdóttir | 2019 |
| Sigrún Þorsteinsdóttir | 2019 |
| Sunna Sigurðardóttir | 2019 |
| Sævar Magnússon | 2019 |
| Þorkell M. Pétursson | 2019 |
| Þröstur Líndal | 2019 |
| Alexander Ingi Olsen | 2020 |
| Aron Friðrik Georgsson | 2020 |
| Guðmundur Guðmundsson | 2020 |
| Jóhanna Íris Guðmundsdóttir | 2020 |
| Jón Guðni Ómarsson | 2020 |
| Patrekur Jóhannesson | 2020 |
| Rakel Dögg Bragadóttir | 2020 |

**Koparstjarna**

Starfsmerki félagsins. Heiðursviðurkenningu þessa er heimilt að veita fyrir a.m.k. 2 ára starf og/eða keppni á vegum félagsins.

| | |
|---|---|
| Emil Gunnarsson | 2007 |
| Gunnar Kr. Sigurðsson | 2007 |
| Bragi Þ. Bragason | 2007 |
| Hannes Ingi Geirsson | 2007 |
| Herborg Þorgeirsdóttir | 2007 |
| Herdís Wöhler | 2007 |
| Jóhann Jónsson | 2007 |
| Magnús Karl Daníelsson | 2007 |
| María Grétarsdóttir | 2007 |
| Sigrún Dan Róbertsdóttir | 2007 |
| Jóna Konráðsdóttir | 2007 |
| Steinunn Bergmann | 2007 |
| Ásmundur Jónsson | 2008 |
| Eiríkur Ari Eiríksson | 2008 |
| Eiríkur Þorbjörnsson | 2008 |
| Gunnar Hrafn Richardsson | 2008 |
| Hilmar Júlíusson | 2008 |
| Jóhann St. Ingimundarson | 2008 |
| Páll Grétarsson | 2008 |
| Einar Páll Tamimi | 2010 |
| Hannes Árnason | 2010 |
| Ragnheiður Traustadóttir | 2010 |
| Rakel Björnsdóttir | 2010 |
| Sigurður Hilmarsson | 2010 |
| Sigurður Sveinn Þórðarson | 2010 |
| Svala Vignisdóttir | 2010 |
| Þórey Þórðardóttir | 2010 |
| Anna Margrét Halldórsdóttir | 2011 |
| Anna Laxdal | 2011 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Bernharð Laxdal | 2011 | Ágústa Símonar | 2013 | Agnar Jón Ágústsson | 2015 |
| Eyþór Sigfússon | 2011 | Baldur G Jónsson | 2013 | Ágústa Hjartardóttir | 2015 |
| Finnborg Jónsdóttir | 2011 | Gunnar Leifsson | 2013 | Brynja Ástraðsdóttir | 2015 |
| Gunnar Stefán Ingason | 2011 | Jóna Sigurbjörg Eðvaldsd | 2013 | Baldvin Björn Haraldsson | 2015 |
| Heimir Erlingsson | 2011 | Margrét Sigurbjörnsdóttir | 2013 | Eyjólfur Örn Jónsson | 2015 |
| Kristín Anna Ólafsdóttir | 2011 | Ólafur Þór Gylfason | 2013 | Guðrún Jónsdóttir | 2015 |
| Loftur Steinar Loftsson | 2011 | Ágústa J Jóhannesdóttir | 2014 | Gunnar Erlingsson | 2015 |
| Lúðvík Örn Steinarsson | 2011 | Guðrún Kolbeinsdóttir | 2014 | Guðný Handdóttir | 2015 |
| Sigurður Guðmundsson | 2011 | Guðrún Elva Tryggvadóttir | 2014 | Guðný Gísladóttir | 2015 |
| Sturla Þorsteinsson | 2011 | Hanna Lóa Friðjónsdóttir | 2014 | Grétar Sveinsson | 2015 |
| Almar Guðmundsson | 2012 | Hörður Hrafndal | 2014 | Hanna Kristín Gunnarsdóttir | 2015 |
| Ástþór Hlöðversson | 2012 | Konráð Sigurðsson | 2014 | Halldór Ragnar Emilsson | 2015 |
| Brynja Ólafsdóttir | 2012 | Kristinn Ingi Lárusson | 2014 | Jón Nóason | 2015 |
| Eiríkur Ragnar Eiríksson | 2012 | Magnús Viðar Heimisson | 2014 | Magnús Stephensen | 2015 |
| Jóhannes Jóhannesson | 2012 | Sæmundur Friðjónsson | 2014 | Sigurbjörg J. Ólafsdóttir | 2015 |
| Ingibjörg Guðmundsdóttir | 2012 | Unnur B Johnsen | 2014 | Sunna Sigurðardóttir | 2015 |
| Róbert Karl Hlöðversson | 2012 | Anna María Kristmundsd. | 2015 | Svava Bernhöft | 2015 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Þórdís Björk Sigurbjörnsd. | 2015 | Jón Gunnar Sævarsson | 2015 | Karen Sigurðardóttir | 2016 |
| Þórarinna Söbech | 2015 | Þórarinn Einar Engilbertsson | 2015 | Egill Sigurþórsson (Arnar) | 2016 |
| Dóra Viðarsdóttir | 2016 | Kristján Másson | 2015 | Þorsteinn Júlíus Árnason | 2016 |
| Sævar Þ Magnússon | 2016 | Björn Másson | 2015 | Ómar Birgisson (Már) | 2016 |
| Hrönn S Steinsdóttir | 2016 | Jón Þór Helgason | 2015 | Davíð Sævarsson | 2016 |
| Kristján Svan Kristjánsson | 2016 | Bárður Hreinn Tryggvason | 2015 | Þröstur Heiðar Líndal | 2016 |
| Steinunn Geirmundsdóttir | 2016 | Kristinn Hjálmarsson | 2015 | Íris Stefánsdóttir | 2016 |
| Hanna Kristín Gunnarsdóttir | 2016 | Anna Björg Haukdal | 2016 | Margrét Björg Guðmundsdóttir | 2016 |
| Guðný Handóttir | 2015 | Kristbjörg Guðmundsdóttir | 2016 | Viktor Hrafn Hólmgeirsson | 2016 |
| Sigrún Magnúsdóttir | 2015 | Erna Ingólfsdóttiir | 2016 | Sóley Stefánsdóttir | 2016 |
| Guðný Gísladóttir | 2015 | Elín Þorsteinsdóttir (Þuríður) | 2016 | Vilhjálmur Halldórsson | 2016 |
| Brynja Ástráðsdóttir | 2015 | Sigurrós Jóhannsdóttir | 2016 | Kristín Einarsdóttir | 2016 |
| Gísli Williardsson | 2015 | Ása Geirsdóttir | 2016 | Hrönn S. Steinarsdóttir | 2016 |
| Jón Svan Sverrisson | 2015 | Lára Valdís Kristjánsdóttir | 2016 | Nína Svavarsdóttir | 2016 |
| Vilborg Grétarsdóttir | 2015 | Þórhalla Jónsdóttir (Sólveig) | 2016 | Tómas Björnsson | 2016 |
| Eymundur Sveinn Einarsson | 2015 | Berlind Bragadóttir | 2016 | Steinunn Geirmundsdóttir | 2016 |
| Helgi Hrannar Jónsson | 2015 | Bryndís Gunnlaugsdóttir (Holm) | 2016 | Brynja Gunnarsdóttir | 2016 |

| | |
|---|---|
| Theodór K. Erlingsson | 2016 |
| Elísabet Tómasdóttir | 2016 |
| Ingibjörg Baldursdóttir Blak | 2016 |
| Elías Karl Guðmundsson | 2017 |
| Sveinn Kristinn Ögmundsson | 2017 |
| Sverrir Salberg Magnússon | 2017 |
| Kristján Geirsson | 2017 |
| Þórarinn Einar Engilbertsson | 2017 |
| Áslaug Auður Guðmundsdóttir | 2017 |
| Harpa Rós Gísladóttir | 2017 |
| Lárus Guðmundsson | 2017 |
| Brynjar Björn Gunnarsson | 2017 |
| Rúnar Páll Sigmundsson | 2017 |
| Friðrik Ellert Jónsson | 2017 |
| Sigrún María Jörundsdóttir | 2017 |
| Elías Kristinn Vignirsson | 2017 |
| Anna Bryndís Blöndal | 2017 |
| Inga Fríða Tryggvadóttir | 2017 |
| Sólveig Lára Kjærnested | 2017 |
| Klara Hljálmtýrsdóttir | 2017 |
| Sjöfn H. Sigurðardóttir | 2017 |
| Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir | 2017 |
| Haukur Þorsteinsson | 2017 |
| Bryndís Svavarsdóttir | 2017 |
| Andrés E. Ólafsson | 2018 |
| Ari Guðmundsson | 2018 |
| Eva B. Ægisdóttir | 2018 |
| Hanna G. Stefánsdóttir | 2018 |
| Hjörleifur Ragnarsson | 2018 |
| Hrund Grétarsdóttir | 2018 |
| Hörður Harðarson | 2018 |
| Inga S. Björgvinsdóttir | 2018 |
| Jakob S. Schröder | 2018 |
| Jón G. Ómarsson | 2018 |
| Jón V. Magnússon | 2018 |
| Margrét Vilhjálmsdóttir | 2018 |
| Ólafur Þ. Guðjónsson | 2018 |
| Rakel D. Bragadóttir | 2018 |
| Sigurður Gunnlaugsson | 2018 |
| Sverrir Eyjólfsson | 2018 |
| Ásgeir Ö. Sigurpálsson | 2019 |
| Berglind Bragadóttir | 2019 |
| Björgvin I. Ólafsson | 2019 |
| Björgvin S. Sigurðsson | 2019 |
| Elfa B. Erlingsdóttir | 2019 |
| Finnur Jónsson | 2019 |
| Guðmundur Björnsson | 2019 |
| Guðný Guðnadóttir | 2019 |
| Helga J. Oddsdóttir | 2019 |
| Ingibjörg Vilhjálmsdóttir | 2019 |
| Jóhanna Í. Guðmundsdóttir | 2019 |

| | |
|---|---|
| Jón Sæmundsson | 2019 |
| Monika Emilsdóttir | 2019 |
| Sigurður T. Helgason | 2019 |
| Birkir Kaldal Kristmannsson | 2020 |
| Bryndís Björnsdóttir | 2020 |
| Harpa Þorsteinsdóttir | 2020 |
| Jóhannes Egilsson | 2020 |
| Júlíus Arnarson | 2020 |
| Kristján Breiðfjörð Árnason | 2020 |
| Lárus Gísli Halldórsson | 2020 |
| Lúðvík Ásgeirsson | 2020 |
| María Björk Ásgeirsdóttir | 2020 |

**Þjálfari Ársins**

Þjálfarabikar UMF Stjörnunar skal veita á árlega. Bikarinn er veittur einstaklingi sem skarað hefur fram úr í starfi sínu sem þjálfari á vegum félagsins og með starfi sínu náð framúrskarandi árangri, hvort heldur sem er er, keppnislegum eða félagslegum. Þrír síðustu handhafar bikarsins gera tillögu til aðalstjórnar um hver skuli hljóta hann.

| | |
|---|---|
| Auður Skúladóttir | 2003 |
| Gyða Kristmannsdóttir | 2003 |
| Vignir Hlöðversson | 2003 |
| Magnús Teitsson | 2004 |
| Vignir Hlöðversson | 2005 |
| Þorlákur Már Árnason | 2006 |
| Aðalsteinn Reynir Eyjólfsson | 2007 |
| Jimmy Erik Ekstedt | 2008 |
| Teitur Örlygsson | 2009 |
| Bjarni Jóhannsson | 2010 |
| Þorlákur Már Árnason | 2011 |
| Niclaes Jerkeholt | 2012 |
| Þorlákur Már Árnason | 2013 |
| Rúnar Páll Sigmundsson | 2014 |
| Nicleas Jerkeholt | 2015 |
| Ólafur Þór Guðbjörnsson | 2016 |
| Tanja Kristín Leifsdóttir | 2017 |
| Tanja Birgisdóttir | 2018 |
| Arnar Guðjónsson | 2019 |
| Daði Snær Pálsson | 2020 |

**Íþróttamaður Ársins**

Íþróttamaður UMF Stjörnunnar skal valinn árlega. Nafnbótina hlýtur sá íþróttamaður félagsins sem að mati aðalstjórnar er ákjósanlegur fulltrúi félagsins á opinberum vettvangi sakir atgervis síns og árangurs í íþróttum,

26

íþróttamannslegrar framkomu bæði innan vallar og utan. Deildir félagsins tilnefna einn íþróttamann/konu úr sínum röðum til nafnbótarinnar.

| | |
|---|---|
| Róbert Hlöðversson | 2003 |
| Sigurbjörg Jódís Ólafsdóttir | 2004 |
| Valdimar Tr. Kristófersson | 2005 |
| Patrekur Jóhannesson | 2006 |
| Rakel Dögg Bragadóttir | 2007 |
| Florentina Stanciu | 2008 |
| Justin Christopher Shouse | 2009 |
| Halldór Orri Björnsson | 2010 |
| Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir | 2011 |
| Andrea Sif Pétursdóttir | 2012 |
| Harpa Þorsteindsdóttir | 2013 |
| Daníel Laxdal | 2014 |
| Dagfinnur Ari Normann | 2015 |
| Harpa Þorsteinsdóttir | 2016 |
| Andrea Sif Pétursdóttir | 2017 |
| Baldur Sigurðsson | 2018 |
| Hlynur E. Bæringsson | 2019 |
| Andrea Sif Pétursdóttir | 2020 |

**Deild ársins**

Deildarbikar UMF Stjörnunnar skal veita árlega. Bikarinn er veittur þeirri deild sem að mati aðalstjórnar hefur náð bestum árangri á liðnu starfsári.

| | |
|---|---|
| Knattspyrnudeild | 2003 |
| Fimleikadeild | 2004 |
| Handknattleiksdeild | 2005 |
| Blakdeild | 2006 |
| Körfuknattleiksdeild | 2007 |
| Knattspyrnudeild | 2008 |
| Körfuknattleiksdeild | 2009 |
| Fimleikadeild | 2010 |
| Knattspyrnudeild | 2011 |
| Körfuknattleiksdeild | 2012 |
| Knattspyrnudeild | 2013 |
| Knattspyrnudeild | 2014 |
| Hlaupahópur Stjörnunnar | 2015 |
| Fimleikadeild | 2016 |
| Körfuknattleiksdeild | 2017 |
| Körfuknattleiksdeild | 2018 |
| Fimleikadeild | 2019 |
| Lyftingadeild | 2020 |

**Lið ársins**

| | |
|---|---|
| Meistaraflokkur kvk í hópfimleikum | 2017 |
| Meistaraflokkur kk í knattspyrnu | 2018 |



GULLMERKI STJÖRNUNNAR MEÐ LÁRVIÐARSVEIG 2021

JÓN GUÐMUNDSSON

28

Jón Guðmundsson er Norðfirðingur að uppruna, fæddur 20. apríl 1942. Foreldrar hans voru Guðmundur Sigfússon kaupmaður á Neskaupsstað og Sigríður Jónsdóttir húsmóðir. Jón úrskrifaðist sem stútent frá MA 1963 og öðlaðist löggildingu sem fasteignasali 1988. Fyrri kona Jóns var Ásdís Þórðardóttir (lést 7. júlí 1991). Börn þeirra eru Arnar Þór, Guðmundur Theodor og Sigríður Ásdís. Síðari kona Jóns er Jóhanna Hreinsdóttir listmálari. Hinn 2. maí 1982 stofnuðu þau Ásdís Fasteignamarkaðinn ehf sem er í dag ein elsta og virtasta fasteignasala landsins. en auk þess að selja fasteignir hefur fyrirtækið annast verðmöt fasteigna, m.a. fyrir opinbera aðila. Jón Guðmundsson hefur tekið virkan þátt í félagsstörfum allt frá unglingsaldri. Heima á Neskaupsstað voru það pólitík og íþróttir m.a. knattspyrna sem áttu hug Jóns sem var formaður Knattspyrnufélags Austurlands um tíma. Snemma gerðist hann kattspyrnudómari og starfaði sem slíkur um allt Austurland uns hann flutti til Reykjavíkur. Jón og Ásdís byggðu sér myndarlegt heimili í Hegranesi 24 þar sem Jón hefur búið þar til á síðasta ári. Jón hefur látið til sín taka í félagsmálum var formaður í félagi fasteignasala um árabil, gekk í Rotaryklúbbinn í Görðum 3. maí 1983 er þar Paul Harris félagi og f.v. forseti. Starfaði fyrir Sjálfstæðisflokkinn á landsvísu í ýmsum ráðum og nefndum. Var formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Garðabæ í rúma tvo áratugi. Sem slíkur hefur hann eðli málsins samkvæmt haft mikil áhrif á það hvernig samfélagið í Garðabæ hefur þróast síðustu áratugina.

Jón hefur komið víða við í starfi félagsins við sjáflboðaliðastörf en þar má helst nefna aðkomu að byggingu Stjörnuheimilisins, starfi fyrir handknattleiksdeild og önnur störf í þágu félagsins.

**Stjörnuheimilið**

Þegar ákveðið var að ráðast í byggingu félagsheimilis Stjörnunnar við Ásgarð snemma árs 1987 var skipuð byggingarnefnd sem annast skyldi framkvæmd verksins og sjá að mestu leyti um fjármögnun þess, en áætlaður kostnaður var um 20 milljónir króna. Jón Guðmundsson var fenginn til að vera formaður byggingarnefndarinnar. Þungi starfs nefndarinnar var frá því að undirbúningur hófst árið 1987 uns heimilið var tekið í notkun árið 1991 og vígt formlega árið 1992. Undir forystu Jóns vann byggingarnefndin mjög mikið starf, m.a. með því að afla afslátta hjá flestum þeirra

sem lögðu fram efni og vinnu við bygginguna, svo og að safna mikilum fjármunum eftir ýmsum leiðum. Tókst svo vel til að kostnaðaráætlun stóðst fullkomlega og byggingin var nær skuldlaus er hún var tekin í notkun. Eitt af verkefnum Jóns við fjáröflunina var að fá stuðning frá Garðabæ. Taka ber fram að nefndin starfaði mjög sjálfstætt að verkefni sínu. Eftir að Stjörnuheimilið var tekið í notkun starfaði byggingarnefndin áfram og var Jón formaður hennar. Eðli málsins samkvæmt var starf nefndarinnar ekki eins umfangsmikið og áður en nefndin kom þó að ýmsum smærri framkvæmdum við húsið og búnað þess.

**Herrakvöld Stjörnunnar**

Herrakvöld Stjörnunnar hefur allt frá því að fyrst var stofnað til þess árið 1989 verið mjög mikilvægur þáttur í fjáröflun handknattleiksdeildar félagsins. Jón Guðmundsson hefur frá upphafi séð um einn mikilvægasta þátt herrakvöldsins, listmunauppboðið, sem fært hefur handknattleiksdeildinni mjög umtalsverðar og mikilvægar tekjur. Jón hefur að mestu einn útvegað listmuni á uppboðið. Samið við liistamenn sem lagt hafa til verk auk þess að standa í stafni sem uppboðshaldari á herrakvöldinu á þann hátt að uppboðið hefur ekki aðeins verið fjáröflunarverkefni heldur einnig skemmtiatriði. Á síðasta herrakvöldi annaðist Guðmundur, sonur Jóns, í fyrsta sinn um uppboðsathöfnina en Jón bauð þó upp síðasta verkið það kvöldið við góðar undirtekktir gestanna. Tíminn á eftir að leiða í ljós hvort þetta var hans síðasta uppboð.

**Önnur störf í þágu Stjörnunnar**

Jón var varaformaður Stjörnunnar 1987 til 1992 og var öll árin mjög virkur í stjórnarstörfum. Jón er í hópi þeirra Stjörnufélaga sem ávallt eru boðnir og búnir til að hjálpa til ef til hans hefur verið leitað. Hann hefur komið að fjölmörgu verkefnum á vegum félagsins formlega og óformlega. Nú síðast átti hann sæti í nefnd um endurbætur og stækkun Stjörnuheimilisins. Nefndin skilaði af sér tillögum og arkitektateikningum sem bíða betri tíma þar sem menn vilja sjá hvernig aðstaðan í Miðgarði notast/nýtist félaginu.

Eins og fram hefur komið þá hefur Jón um langt árabil unnið félaginu mikið og óeigingjarnt starf og jafnan verið tilbúinn að leggja lið hvenær sem eftir slíku hefur verið leitað.

Með vísun til framanritaðs er Jón Guðmundsson einkar vel að því kominn að félagið sýni honum þann heiður að tilefna hann heiðursfélaga með viðeigandi heiðursmerki og skjali á stórafmæli Jóns í apríl á þessu ári.

*Fyrir hönd Umf. Stjörnunnar,*
*Heiðursviðurkenningarnefnd og aðalstjórn*



# 5. SKÝRSLA
# ALMENNINGSDEILDAR



**Líkamsrækt Birnu og Óla**

Líkamsrækt B & Ó hefur starfað í yfir 30 ár undir merkjum almenningsdeildar Stjörnunnar.

Frá byrjun hafa verið starfræktir bæði kvenna- og karlatímar. Fjöldi iðkenda hefur verið svipaður síðustu 22 árin, 60 konur og 60 karlar með fastan 50-55 manna kjarna í hvorum hópi. Síðastliðið ár hefur fjöldinn verið dálítið rokkandi, nýir þátttakendur komið inn og aðrir hætt. Þó hefur fasti kjarninn haldið sér að mestu.

Tímarnir í Ásgarði voru með sama sniði og undanfarin ár eða 50 mínútur tvisvar í viku hjá körlunum, þ.e. kl. 17:50 og annar hópur kl. 18:40 á mánudögum og miðvikudögum. Hjá konunum er einn hópur kl. 8:00 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum en hinn hópurinn er kl. 17:00 á mánudögum og miðvikudögum. Við segjum alltaf að þessi líkamsrækt sé 50 % líkamsrækt og hin 50 % séu félagsleg. Það skýrist af því að félagslegi þátturinn er líka mikið ræktaður, t.d. er ganga á hverjum laugardegi um Garðabæ. Tvisvar í mánuði er svo farið í lengri skipulagðar göngur með leiðsögn á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Þá er jafnvel farið á kaffihús í lokin eða boðið upp á kakó, kex og kristal. Gönguferðirnar urðu því miður færri sl. ár en áður, föstu félagslegu liðir okkar sömuleiðis, t.d. vor- og haustfagnaður, jeppaferð og þorrablót felld niður vegna Covid.

Starfsemin byrjaði tæpum þremur vikum síðar en vant er eða 18. janúar vegna Covid. Haustönnin byrjað 9. sept. og stóð til 15. des. Allt síðasta ár var haldið stíft í allar sóttvarnaraðgerðir, grímuskylda í íþróttahúsinu á göngum, sprittað hægri og vinstri í sal, takmarkaður aðgangur að búningsklefum sundlaugar og í sundlaugina.

Starfsemin gekk annars að öllu leyti vel. Allir voru ánægðir að geta stundað líkamsræktina sína, komið saman og notið samverunnar. Við viljum þakka þátttakendunum okkar kærlega fyrir þolinmæðina og frábæra samveru síðasta ár.

*Með kærri líkamsræktarkveðju,*

*Birna og Óli*

Stjórn almenningsdeildar vill sérstaklega þakka þeim Birnu og Óla kærlega fyrir framlag þeirra til almenningsíþrótta í Garðabæ. Einnig viljum við þakka iðkendum og öllum sem komið hafa að starfi deildarinnar fyrir þátt þeirra.

*Fyrir hönd almenningsdeildar Stjörnunnar,*

*Ólafur Reimar Gunnarsson,form. alm.d.*

**Hlaupahópur Stjörnunnar**

**Hlauparáð**

- Brynjúlfur Halldórsson, formaður
- Hulda Gísladóttir, varaformaður
- Berglind Bragadóttir, gjaldkeri
- Gísli B. Ívarsson, ritari
- Rakel Hafberg, meðstjórnandi
- Björk Kristinsdóttir, meðstjórnandi

**Þjálfarar**

- Arnar Pétursson
- Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé

**Iðkendur**

- Hlaupahópurinn fór úr 40 í 100 sl. haust.

Útivist og hreyfing er það sem sameinar meðlimi HHS. Þegar þannig viðrar eins og gert hefur líðandi vetur þá veltir maður því fyrir sér hvort til séu tveir hópar af fólki – þeir sem eru vosbúðarsæknir og þeir sem eru vosbúðarfælnir. Í öllum blæbrigðum árstíðanna eru hlaupaæfingar á dagskrá hjá HHS – úti.

Árið 2021 var kaflaskipt og oft höfðu samkomutakmarkanir áhrif á æfingar og seinna mætingu á æfingar. Flestir héldu þó sínu striki á eigin vegum og ein afleiðingin var sú að fleiri minni hópar náðu saman.

Í janúar var fræðslukvöld þar sem Halldóra Gyða þjálfari tók fyrir Garmin-tæknina og ýmislegt gagnlegt í kringum fjölmörg öpp sem tengja sig við Garmin. Þessi fundur fór fram á Teams.

Í febrúar var komið að Stefáni Gíslasyni að fræða okkur með sínum kenjum en hann hélt fræðslukvöld fyrir hópinn og tók hlaupalífsstíl til framtíðar fyrir á Teams-fundi.

Í marsmánuði fengum við Sigurð Örn Ragnarsson hjá Greenfit til að halda erindi um leiðina til árangurs, einnig á Teams. Hér var kafað aðeins ofan í lífeðlisfræðina og ýmsar mælingar til að ná fram sínu besta.

Í apríl vorum við svo heppin að fá lifandi goðsögn til að deila með okkur æfinga- og hlaupareynslu sinni. En Martha Ernstsdóttir tók fyrir púlsþjálfun og mikilvægi þess að hlaupa hægt til að geta hlaupið hratt. Þessi fræðslufundur fór fram á Teams.

Í apríl fór líka fram hlaupanámskeið en svona nýliðanámskeið að vori er árlegt. Að þessu sinni tóku Sigurður Pétur og Harpa Þorsteinsdóttir vel á

móti nýliðum með tveggja vikna hlaupanámskeiði. Í maí var komið að því að halda Stjörnuhlaup en ekkert slíkt hlaup fór fram árið áður. Stjörnuhlaupið 2021 var því afar kærkomið og ákveðið var að breyta yfirbragði hlaupsins og reyna við nýjar áherslur. Stjörnuhlaupið er haldið í fjáröflunarskyni fyrir HHS. Aðalstyrktaraðili hlaupsins er VHE, vélaverkstæði. Ágæt þátttaka var í hlaupinu og meginstefið var músík og gleði ásamt því að hlaupaleiðin kæmist sem næst hinum ýmsu hverfum og íbúum í Garðabæ. Yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd hlaupsins var í höndum Halldórs Þorkelssonar og Gunnars Ármannssonar. Eftir vel heppnað Stjörnuhlaup var svo haldin vorhátíð þar sem félagar HHS gerðu vel við sig í mat og drykk. Einnig var í maí tekið árlegt samskokk með félögum okkur úti á Álftanesi.

Í júní var farið í hlaupaútilegu og hlaupið svokallað Snælduhlaup en þá hittast HHS-félagar við Snældubeinsstaði í Borgarfirði og þreyta þar ýmsar vegalengdir, m.a. heilt og hálft maraþon. Í júlí var svo komið að því að prófa nýjan rétt á matseðlinum en ákveðið var að fara með hópinn í utanvegaferð og hlaupa saman Laugaveginn á tveimur dögum, frá Landmannalaugum í Þórsmörk. Mjög góð þátttaka var í þessari ferð og tókst svo vel til að ákveðið var að fara sambærilega ferð að ári. Ráðgert er að fara saman Fimmvörðuháls í sumar.

Í ágúst tilkynnti Bjarki A. Brynjarsson formaður að hann ætlaði að stíga til hliðar eftir fimm ár í hlauparáði og afhenti Brynjúlfi Halldórssyni og Huldu Gísladóttur keflið. Hlauparáð þakkar Bjarka fyrir góða formennsku og allt hans framlag til hópsins. Áður hafði Stefanía K. Karlsdóttir gjaldkeri hópsins óskað eftir því að losna úr embætti og tók Berglind Bragadóttir við hlutverki hennar ásamt sæti í hlauparáði.

Í september var ákveðið að halda haustnámskeið fyrir nýliða og fékk þessi nýbreytni góðar viðtökur. Hér fóru Sigurður Pétur þjálfari og Harpa Þorsteinsdóttir á kostum. Þar sem Reykjavíkur -maraþoninu var frestað og síðar aflýst var ákveðið að halda „okkar eigið Stjörnuhlaup" fyrir félaga HHS og því fylgt eftir með góðu fagni á Dúllubar. Í október var komið að býsna miklum breytingum hjá okkur en þá urðu kaflaskil í þjálfaramálum HHS. Sigurður Pétur þjálfari ákvað eftir tæp níu ár við þjálfun hjá HHS að stíga til hliðar og úr varð að

hlauparáð gekk frá ráðningu nýs yfirþjálfara. Arnar Pétursson tók þá við keflinu og hóf nýja vegferð hópsins þar sem öll áhersla var á hægu hlaupin og að núllstilla hópinn. Við tók svo nýr skóli og þar lærðum við ýmis hugtök eins og stílsprettir, sterkar hendur og ekki of hratt o.fl.

Segja má að hér hafi orðið til nýtt upphaf hjá HHS. Hópurinn var byrjaður að láta á sjá fyrir einhverju og veruleg fækkun í honum var staðreynd. Einhvern veginn hafði molnað úr starfinu frá því að HHS var stofnað árið 2012. Gleðilegt er að segja frá því hér að skráningar í hópinn fóru strax á flug og mæting á æfingar sömuleiðis. Hópurinn er breiður og það eru allir velkomnir á æfingarnar okkar.

HHS tilheyrir almenningsdeild Stjörnunnar og allar upplýsingar um hópinn má finna á stjarnan.is eða hlaup.is.

*Fyrir hönd hlauparáðs Stjörnunnar,*

*Hlauparáðið*

STJARNAN
ALM. ÍÞRÓTTIR

## 6. SKÝRSLA
# FIMLEIKADEILDAR

35

**Stjórn og starfsmenn 2021**

Stjórn

- Ingibjörg J. Vilhjálmsdóttir, formaður
- Sunna Helgadóttir, ritari
- Rakel Jóna Guðmundsdóttir, meðstj.
- Monika Emilsdóttir, meðstj.
- Erna Mathiesen, meðstj.
- Sveinn Þórarinsson, meðstj.

**Íþrótta- og rekstrarstjóri**

- Unnur Símonardóttir

**Þjálfarar í fullu starfi**

- Una Brá Jónasdóttir, yfirþjálfari í hópf.
- Andrea Sif Pétursdóttir, þjálfari í hópf.
- Erla Rut Mathiesen, dansþjálfari
- Helgi Laxdal, þjálfari í hópf.
- Mikkel Schertz, þjálfari í hópf.
- Hildur Ketilsdóttir, þjálfari í áhaldaf.
- Vladimir Zaytsev, þjálfari í áhaldaf.
- Alfredo Guevara, þjálfari í áhaldaf.

**Þjálfarar í tímavinnu:**

55 þjálfarar

Sex til sjö þjálfarar, þjálfa meistaraflokk kk og kvk.

**Barna- og unglingastarf**

Fyrir yngstu iðkendurna, sem eru tveggja til fjögurra ára, eru í boði krílahópar sem æfa einu sinni í viku á sunnudögum. Áherslan er lögð á að kenna ýmis grunnatriði fimleika í gegnum leik og þrautir með þátttöku foreldra. Börn sem eru fimm ára (síðasta ári í leiksskóla) og sex ára (1. bekkur í grunnskóla) fara í G-hópa sem æfa tvisvar sinnum í viku, klukkutíma í senn og eru þá án foreldra í sal. Iðkendur eru að jafnaði tvö ár í grunnhóp. Þeir fá undirstöðuþjálfun og þarf sú uppbygging að vera góð svo auðvelt sé að byggja ofan á hana. Mikil eftirspurn hefur verið í G-hópa starfið og færri komast að en vilja.

Stúlkur á leið í 2. bekk velja um annaðhvort áhaldafimleika eða hópfimleika. Hópfimleikar eru í boði fyrir drengi. Að einhverju leyti er tekið mið af getu einstakra iðkenda og getustig milli einstakra hópa því mismunandi, sérstaklega í áhaldafimleikum. Markmiðið er ávallt að allir iðkendur fái þjálfun við hæfi. Æfingar eru frá tveimur til 15 klukkustunda á viku en tíminn eykst eftir aldri og getu. Iðkendur í 1. og 2. bekk taka þátt í vinamótum og mótum/

sýningum á vegum Stjörnunnar. Við níu ára aldur er heimilt að skrá iðkendur á mót á vegum Fimleikasambands Íslands. Allir hópar innan deildarinnar eru keppnishópar

**Meistaraflokkar**

Stjarnan er með meistaraflokk karla og meistaraflokk kvenna. Keppendur í meistaraflokki eru á aldrinum 17 til 28 ára. Vegna mikils fjölda í báðum liðum var ákveðið að mæta með tvö kvenna lið og tvö karla lið á öll mót. Með þessu veittum við ungum og efnilegum iðkendum dýrmæta keppnisreynslu. Þjálfarar kvennaliðsins voru vorið 2021: Una Brá Jónsdóttir, Daði Snær Pálsson, Tanja Kristín Leifsdóttir, Tanja Birgisdóttir og Ásta Þyri Emilsdóttir. Meistaraflokkur kvenna, lið 1, varð Íslands- og bikarmeistari 2021.

Þjálfarar karlaliðsins eru Mikkel Shcertz, Erla Rut Mathiesen, Fjölnir Þrastarson, Þorbjörn Bragi Jónsson og Mads Pind. Meistaraflokkur karla, lið 1, varð Íslands- og bikarmeistari 2021.

**EM 2021**

Evrópumótið í hópfimleikum fór fram í Portúgal í byrjun desember 2021. Ísland mætti með fjögur lið á mótið og átti Stjarnan 26 iðkendur og fjóra landsliðsþjálfara. Kvennaliðið varð Evrópumeistari 2022 en í liðinu átti Stjarnan níu iðkendur af 12 og tveir af fjórum þjálfurum voru meistaraflokksþjálfarar Stjörnunnar. Karlaliðið varð í 2. sæti en allt liðið eruð iðkendur í meistaraflokki Stjörnunnar auk þess sem tveir af þremur þjálfurum eru meistaraflokksþjálfarar Stjörnunnar. Stúlknaliðið lenti í 2. sæti og í liðinu var einn iðkandi frá Stjörnunni og einn þjálfari. Blandað lið unglinga varð í 3. sæti og voru sex iðkendur frá Stjörnunni. Þrír iðkendur Íslands voru valdir í All Star lið mótsins og voru það allt iðkendur Stjörnunnar.

Frábær árangur hjá landsliðunum fjórum og stórkostlegur árangur hjá iðkendum Stjörnunnar.

**Rekstur**

Reksturinn gengur ágætlega, gerðar voru leiðréttingar á launum þjálfara á aldrinum 17-21 árs. Ljóst er að styrkir vegna Covid ná að rétta við reksturinn og koma sér vel í varasjóði ef eitthvað kemur upp á.

**Áhöld**

Formaður og rekstrarstjóri hafa unnið ötullega að því síðustu ár með hjálp aðalstjórnar að fá aukið fjármagn í að viðhalda áhöldunum í fimleikasalnum. Ljóst var að verulega var farið að sjá á áhöldum vegna mikils álags í salnum, hvort tveggja vegna fjölda iðkenda á æfingum en einnig vegna ágangs skóla og leikskóla í salnum yfir daginn. Aukin fjárheimild frá Garðabæ var notuð í að kaupa ýmis áhöld fyrir yngstu iðkendurna, nauðsynlega kubba og dýnur fyrir áhaldafimleikana. Þá voru keyptar fjórar nýjar slár og dýnur undir þær. Loks voru yfirbreiðslur yfir hina ýmsu kubba og dýnur lagaðar. Árið 2022 stefnum við að því að endurnýja hópfimleikadansgólfið sem er löngu komið á tíma auk þess stendur til að kaupa nýtt trampólín og hlauparenning fyrir hópfimleikana. Mikilvægt er að endurnýja áhöld vegna framþróunar en einnig til að tryggja öryggi iðkenda. Fimleikadeildin óskar eftir áframhaldandi stuðningi í þeim efnum.

**Lokaorð**

Erfiðleikarnir vegna Covid settu mark sitt á árið 2021 en þó ekkert í líkingu við árið á undan. Nokkrum mótum var frestað en æfingar gengu að mestu sinn vanagang. Mikið hefur verið rætt í fimleikahreyfingunni um brottfall iðkenda eftir Covid sem við í fimleikadeild Stjörnunnar höfum ekki fundið fyrir. Því er að þakka dyggum þjálfurum og útsjónarsömum rekstarstjóra.
Deildin vill þakka framkvæmdastjóra og skrifstofu fyrir gott samstarf á árinu. Starfsfólk og þjálfarar eiga jafnframt hrós skilið fyrir gott starf sem hefur sannarlega skilað sér í frábærum árangri á árinu. Starfsfólki Ásgarðs þökkum við einnig fyrir vel unnin störf og gott viðmót. Síðast en alls ekki síst vill stjórnin þakka öllum þeim iðkendum, sjálfboðaliðum, foreldrum, styrktaraðilum og öðrum sem hafa unnið ómetanlegt starf fyrir deildina síðastliðin ár.

*Fyrir hönd fimleikadeildar Stjörnunnar,*
*Ingibjörg Vilhjálmsdóttir,*
*formaður fimleikadeildar*

STJARNAN
FIMLEIKAR



LIÐ ÁRSINS 2021

# MEISTARAFLOKKUR KVENNA Í FIMLEIKUM

# 7. SKÝRSLA HANDKNATTLEIKSDEILDAR



**Stjórn og starfsmenn**

**Stjórn**

- Pétur Bjarnason, formaður
- Lárus Halldórsson, varaformaður
- Jóhanna Íris Guðmundsdóttir, form. bogu
- Sigurður Bjarnason, ritari/fjármál
- Sófus Gústavsson, meðstj.
- Inga Fríða Tryggvadóttir, meðstj.
- Inga S. Björgvinsdóttir, meðstj.
- Aðalsteinn Örnólfsson, meðstj.
- Björn Þór Guðmundsson, meðstj.
- Sigurjón Hafþórsson, meðstj.

**Íþróttastjóri**

- Patrekur Jóhannesson

Nú er enn einu tímabilinu að ljúka þar sem Covid19-farsóttin hefur heldur betur sett strik í reikninginn í starfi handknattleiksdeildar. Starfið hefur þurft að þola lokanir og takmarkanir af ýmsu tagi ásamt því að herða tökin á fjárhag deildarinnar. Tekjur af leikjum hafa nánast verið engar en þær eru stór póstur í rekstri deildarinnar. Engu að síður hefur okkur tekist að reka deildina réttum megin við núllið.

Handknattleiksdeildin fór í mörg spennandi og ný verkefni á tímabilinu og má þar fyrst nefna að ákveðið var að koma til móts við yngri flokka iðkendur og létum við nýjan búning fylgja með æfingagjaldinu án aukakostnaðar. Þetta braut blað í sögunni þar sem þetta hefur ekki verið gert áður. Þetta var meðal annars gert til að bæta fyrir þær raskanir sem Covid hefur haft á starf og iðkun íþróttarinnar.

Nú hefur Stjarnan gert nýjan búningasamning við Margt smátt þannig að frá og með næsta tímabili munum við spila í Puma-íþróttafatnaði. Deildin mun að sjálfsögðu finna leiðir til þess að koma til móts við iðkendur í því að skipta búningunum út og verður farið í það af krafti fyrir næsta haust.

Að auki var gerður tímamótasamningur við Origo um að innleiða jafnréttisstefnu á milli kynjanna. Deildin hóf þá vegferð árið 2020 með sameiningu meistaraflokksráðanna og er nú allt afreksstarfið rekið undir einum hatti.

Það er metnaður stjórnar að karla- og kvennaliðin standi jafnfætis í aðbúnaði og launum. Það kemur til með að taka nokkur ár að eyða mismuninum sem orðinn var en nýir og

endurnýjaðir samningar við leikmenn taka mið af þessari nýju stefnu.

Barna og unglingaráðið ásamt íþróttastjóra deildarinnar héldu þrjú stórmót í vetur þar sem rúmlega 400 iðkendur á hverju móti öttu kappi í TM-höllinni okkar. Einstaklega vel tókst til og fóru öll heim að móti loknu þreytt og sæl.
Starf meistaraflokkanna er áfram í uppbyggingarfasa. Stefnan er sett á að vera meðal þeirra bestu á næstu þremur árum. Við sjáum fyrir að liðin okkar á næstu árum verði byggð á uppöldu Stjörnufólki ásamt góðum styrkingum þannig að áður en langt um líður ættu þau að geta náð alla leið á toppinn.

Við viljum þakka öllum samstarfsaðilum fyrir ómetanlegan stuðning, að ógleymdu starfsfólki TM-hallarinnar í Mýrinni sem er heimavöllur okkar. Sjálfboðaliðar fá sérstakar þakkir en án þeirra væri þetta ekki mögulegt.
Skíni Stjarnan!

*Fyrir hönd handknattleiksdeildar,*
*Pétur Bjarnason,*
*formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar*

STJARNAN
HANDBOLTI

# 8. SKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR

**Stjórn og starfsmenn**

**Stjórn**

- Sæmundur Friðjónsson, formaður
- Gunnar Guðni Leifsson, formaður mfl. kvk.
- Helgi Hrannarr Jónsson, formaður mfl. kk.
- Halldór Ragnar Emilsson, formaður bogu
- Einar Páll Tamimi, meðstj.

**Íþrótta-og rekstrarstjóri**

- Þorvaldur Örlygsson

**Yfirþjálfarar**

- Ejub Purisevic
- Páll Árnason

**Barna- og unglingastarf**

Líkt og í fyrra litaðist knattspyrnuárið 2021 að hluta til af áhrifum Covid-19 heimsfaraldursins í formi takmarkana á æfingum og keppni en sem betur fer þó í minna mæli en árið 2020. Það var afar ánægjulegt að sjá að þessar takmarkanir virtust þó ekki hafa haft í för með sér marktækt brottfall hjá iðkendum í deildinni en þeir voru u.þ.b. 1.000 talsins árið 2021.

Um miðjan apríl var allt íþróttastarf heimilað og fór starfsemi barna- og unglingastarfsins fram með nokkuð hefðbundnum hætti út knattspyrnusumarið. Allir flokkar náðu að spila sín venjulegu sumarmót, að undanskildum alþjóðlegu mótunum/keppnisferðunum sem þurfti að aflýsa sem 2., 3. og 4. flokkur taka jafnan þátt í.

TM-mótið okkar, sem alltaf spilast í apríl, féll því miður niður bæði árið 2020 og 2021 vegna Covid-19. Ákveðið var þó að halda mótið seinni hluta ágústmánaðar og gekk það ljómandi vel með um 2.600 þátttakendum. Töluvert minni umgangur var þó um svæðið en venjulega vegna sóttvarnarreglna sem voru í gildi á þeim tíma. Það er mikil tilhlökkun að halda TM-mót Stjörnunnar með hefðbundnum hætti og eðlilegri stærðargráðu núna í apríl og má búast við yfir 3.000 þátttakendum í 6., 7. og 8. flokki drengja og stúlkna.

Barna- og unglingastarfið stóð fyrir ýmsum skemmtilegum verkefnum yfir sumarið til viðbótar við hefðbundnar æfingar í formi knattspyrnuskóla, skotskóla Veigars Páls, hraðanámskeið Andra Freys og tækniskóla

42

Ejubs Purisevic og voru öll námskeiðin mjög vinsæl.
Stjarnan átti glæsilega fulltrúa sem léku fyrir Íslands hönd í yngri landsliðum. Allan Purisevic og Elmar Freyr Hauksson spiluðu æfingaleiki gegn Finnlandi með u16 landsliði Íslands. Róbert Frosti Þorkelsson og Daníel Freyr Kristjánsson léku með u17 ára landsliði Íslands í undankeppni EM sem fram fór í Ungverjalandi sem og æfingaleiki við Finnland. Hildigunnur Ýr Benediktsdóttir og Sædís Rún Heiðarsdóttir voru valdar í u19 ára landsliðshóp sem átti að leika tvo vináttulandsleiki við Svíþjóð í nóvember sem féll því miður niður vegna Covid-19. Eyrún Embla Hjartardóttir spilaði með u17 landsliði stúlkna í undankeppni EM og á u16 Norðurlandamóti. Stjarnan átti einnig fjölmarga leikmenn í úrtaksæfingum yngri landsliða yfir árið.
Árangur og spilamennska Stjörnuliða í barna- og unglingastarfinu var til mikillar fyrirmyndar. Helst ber að nefna að 2. flokkur drengja varð Íslandsmeistari, 3. flokkur drengja varð í 2. sæti eftir að hafa tapað í framlengingu í úrslitaleik, 6. flokkur drengja varð Orkumótsmeistari og 7. flokkur drengja vann Norðurálsmótið. Þá náði 4. flokkur stúlkna glæsilegum árangri og lenti í 2. sæti eftir tap í hörkuúrslitaleik við Breiðablik og 7. flokkur kvenna vann Símamótið.
Tveir sjúkraþjálfarar voru starfandi fyrir barna- og unglingastarfið og höfðu viðveru tvisvar í viku, tvær klukkustundir í senn. Þeir voru til staðar fyrir iðkendur í elstu flokkum starfsins. Þeirra hlutverk er að sinna meiðslaforvörnum og meðferð eftir meiðsli hjá yngri leikmönnum Stjörnunnar. Að sama skapi er hlutverk þeirra að veita leikmönnum ráðgjöf, aðhald og eftirfylgd þegar glímt er við meiðsli. Sjúkraþjálfunin er iðkendum að kostnaðarlausu og tímapantanir eru óþarfar. Við erum afar stolt af því að bjóða upp á þessa þjónustu sem við teljum vera einsdæmi í barna- og unglingaþjálfun á Íslandi.
Þær upptökuvélar sem voru keyptar árið 2019 hafa nýst þjálfurum og iðkendum gríðarlega vel og hafa án vafa aukið gæði og umgjörð þjálfunar, m.a. með skilvirkari leikgreiningu leikja og endurgjöf til leikmanna.
Að lokum er rétt að minnast á að búið er að taka í notkun knatthúsið Miðgarð, einstaklega glæsilegt knatthús sem mun án nokkurs vafa nýtast yngri flokkum knattspyrnudeildar

gríðarlega vel í framtíðinni.

*Halldór Ragnar Emilsson,*

*formaður barna- og unglingaráðs*

**Meistaraflokkur kvenna**

Eftir þær miklu breytingar sem urðu á leikmannahópi meistaraflokks kvenna eftir tímabilið 2018 hefur náðst góður stöðugleiki. Stjarnan er að byggja upp lið sem kemur til með að berjast um titla á komandi árum. Tvö íslensk kvennalið fá þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu þar sem umtalsvert hærri upphæðir eru nú greiddar þeim liðum sem öðlast rétt til þátttöku. Þar er kominn mikill hvati til að tefla fram liði sem verður að berjast um efstu tvö sæti deildarinnar og öðlast þátttökurétt.

Kristján Guðmundsson var aðalþjálfari liðsins á þriðja ári sínu, Andri Hafsteinsson aðstoðar- og styrktarþjálfari og Rajko Stanisic markmannsþjálfari. Að auki hefur hlaupaþjálfari verið með liðinu á undirbúningstímabilinu.

Áframhaldandi þróun hefur verið í mælingum og gagnasöfnun fyrir hvern leikmann fyrir sig, bætt var við ítarlegri skoðun á líkamlegu atgervi og næringarráðgjöf ásamt hugarþjálfun er orðinn fastur liður í starfinu. Mjög gott samstarf er við afreksþjálfun yngri flokka kvenna sem mun á komandi árum skila fleiri uppöldum leikmönnum í meistaraflokk. Stjarnan hefur átt leikmenn í æfingahópum allra yngri landsliða kvenna.

Samstarf við Álftanes hélt áfram en 2. flokkur spilar undir merkjum Stjörnunnar/Álftaness og því fjölmargir ungir leikmenn sem spila einnig með meistaraflokki Álftaness í þriðju efstu deild Íslandsmótsins.

Líkt og árið áður náðist ekki að klára Lengjubikarkeppnina vega samkomutakmarkana vegna Covid. Liðið féll úr leik í bikarkeppni KSÍ í 16 liða úrslitum og niðurstaðan í Íslandsmótinu var 4. sæti.

Allir leikmenn sem voru að renna út á samningi skrifuðu undir nýja samninga við félagið. Það sýnir okkur að umhverfið hjá okkur er eins og best gerist og eftirsóknarvert fyrir leikmenn að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem á sér stað.

Á haustmánuðum hefur hópur af fólki úr foreldrastarfi yngri flokka hist og stofnuð hefur verið bakvarðasveit sem kemur til með að aðstoða við starfið í meistaraflokki kvenna og er það vel.

*Gunnar Leifsson,*
*formaður meistaraflokksráðs kvenna*

**Meistaraflokkur karla**

Eftir góðan árangur keppnistímabilið 2020 ríkti eftirvænting fyrir keppnistímabilið 2021. Menn voru staðráðnir í því að gera enn betur. Ólafur Jóhannesson kvaddi félagið sem aðstoðarþjálfari og í hans stað kom Þorvaldur Örlygsson. Liðið tók töluverðum breytingum varðandi leikmenn eins og árið á undan og hurfu 13 leikmenn á brott eftir tímabilið 2020 og margir þeirra eftir áralangan feril með félaginu. Liður í öllum þessum breytingum sem hafa staðið yfir frá haustdögum 2019 hefur verið að endurnýja liðið með markvissum hætti.

Það er ljóst að hluti þeirra erlendu leikmanna sem félagið fékk til liðs við sig stóð ekki undir væntingum og þeir eins og aðrir leikmenn áttu mikið við meiðsli að stríða. Heilt yfir var sagan þannig keppnistímabilið 2021 að fjölmargir leikmenn liðsins glímdu við þrálát meiðsli. Þrátt fyrir slakt gengi voru ljósir punktar í þessu því að ungir leikmenn fengu eldskírn sína við erfiðar kringumstæður. Vilji stjórnar hefur verið að gefa ungum leikmönnum tækifæri. Það má með sanni segja að þessir ungu leikmenn gripu tækifærið og stóðu undir þeim væntingum sem gerðar voru til þeirra. Eins og áður sagði urðu umtalsverðar breytingar sem áttu sér stað á leikmannahópnum. Þær voru beint framhald af þeim breytingum sem ráðist var í haustið 2019 þegar hafist var handa við að endurnýja liðið og ná fram kynslóðaskiptum án þess þó að fórna árangri. Fá lið ef nokkur hafa gengið í gegnum jafn mikla endurnýjun en þó náð að halda ákveðnum kjarna og byggja í kringum hann. Vonir eru um að sársaukafyllstu breytingarnar séu að baki í bili.

Margir lykilmenn liðsins reyndust glíma við meiðsli, bæði um veturinn og yfir tímabilið. Erfitt reyndist því að manna liðið en sem betur fer var ungviðið tilbúið að taka við kyndlinum þegar mest á reyndi. Keppnistímabilið 2021 og árið í heild sinni einkenndist eins og fyrra ár af Covid-takmörkunum hvort heldur sem er varðandi áhorfendur eða allar þær kvaðir sem settar voru á félagið með tilheyrandi kostnaði. Ljóst er að það er verk að vinna að ná aftur vopnum sínum, skapa stemmningu og fá stuðningsmenn til þess að flykkjast aftur

á völlinn. Félagið tók þátt í Evrópukeppni eða nýrri Sambandsdeild Evrópu eftir að hafa tryggt sér 3. sætið glæsilega í Pepsi-deildinni 2020. Stjarnan mætti þar Bohemians frá Írlandi á Stjörnuvellinum 8. júlí 2021 og niðurstaðan var 1-1 jafntefli. Síðari leikur liðanna fór fram undir Covid-takmörkunum í Dublin á Írlandi. Sökum vallaraðstæðna hjá Bohemians var leikurinn fluttur á Aviva stadium sem er þjóðarleikvangur Íra. Frammistaða liðsins olli ákveðnum vonbrigðum í Evrópukeppni þetta árið. Menn voru ekki sáttir við árangurinn þar sem það voru sannarlega möguleikar í stöðunni. Fjárhagslega var haldið áfram að brúa það bil sem hafði myndast á fyrri árum ásamt því að sækja nýjar tekjur og var rekstur félagsins með ágætum miðað við aðstæður. Það er þungt að reka meistaraflokk og afreksstarf í eðlilegu árferði og enn þyngra í Covid-ástandi. Félagið stóð við allar skuldbindingar sínar eins og verið hefur og lítur björtum augum fram á veginn enda hefur þrekvirki verið unnið í fjármögnun liðsins, ásamt því að byggja það upp með sjálfbærari hætti en var gert á fyrri árum.

Í byrjun tímabilsins ákvað Rúnar Páll Sigmundsson þjálfari félagsins til margra ára að segja starfi sínu lausu og við tók aðstoðarmaður hans, Þorvaldur Örlygsson. Það er ljóst að við það að kveðja Rúnar verða ákveðin kaflaskil í sögu meistaraflokksins og vil ég nota tækifærið og þakka honum fyrir framlag hans til félagsins í gegnum árin. Þorvaldi vil ég líka þakka hans ómetanlega framlag og vilja til að hverfa ekki frá erfiðu verki.

Undir erfiðum kringumstæðum keppnistímabilið 2021 var ákveðið að kvika ekki frá stefnu stjórnar um að fjölga ungum leikmönnum og gefa þeim tækifæri til að sanna sig. Margir leikmenn fengu eldskírn sína á tímabilinu. Stjarnan var það lið sem spilaði flestum ungum leikmönnum á tímabilinu. Þessar mínútur fara allar í reynslubankann fyrir þessa ungu leikmenn á erfiðu keppnistímabili.

Ejub Purisevic sem var afreksþjálfari félagsins varð fyrir valinu sem aðstoðarmaður Þorvaldar Örlygssonar. Það má með sanni segja að þar höfum við haft góðan liðsstyrk í því að undirbúa unga leikmenn Stjörnunnar sem og aðra leikmenn undir átökin það sumarið eftir óvænt brotthvarf Rúnars Páls sem aðalþjálfara félagsins.

46

Félagið seldi tvo leikmenn á árinu 2021 en fyrst var Alex Þór Hauksson seldur til Öster í Svíþjóð og seinna á árinu var Sölvi Guðbjargarson seldur innanlands.

Þorvaldur Örlygsson og Ejub Purisevic létu af störfum eftir keppnistímabilið. Ejub hvarf þar til fyrri starfa innan félagsins og Þorvaldur tók við stöðu rekstrarstjóra knattspyrnudeildar sem hafði ekki verið mönnuð í einhvern tíma. Stjórn meistaraflokks fór í ítarlega leit að nýju þjálfarateymi og gaf sér góðan umhugsunarfrest ásamt því að undirbúa sig vel undir hvað það væri sem þyrfti til framtíðar innan þeirrar stefnu sem félagið hafði markað. Á haustdögum 2021 var Ágúst Gylfason ráðinn aðalþjálfari félagsins ásamt því að Jökull Elísabetarson var ráðinn aðstoðarmaður hans. Ásamt því voru ráðnir nýir styrktarþjálfarar. Rajko Stanisic heldur áfram sem markmannsþjálfari félagsins.

Það er ljóst að fótboltinn er að breytast. Kröfurnar eru að aukast og tæknin ryður sér til rúms. Stjarnan hefur fjarfest gríðarlega á undanförnum árum í nýjum búnaði sem við nýtum vel. Við teljum það vera til marks um nýja tíma og nýjar áherslur og bindum miklar vonir við að það muni gagnast liðinu og leikmönnum þess til lengri tíma. Félagið hefur búið við ákveðinn stöðugleika í gegnum tíðina en að sama skapi hefur sá fótbolti sem liðið hefur spilað sætt mikilli gagnrýni á löngum köflum. Það er stefna stjórnarinnar að uppfæra eins víða þá möguleika sem eru til staðar. Þung skref hafa verið stigin í þá átt nú á haustmánuðum.

Ég vil fyrir hönd meistaraflokks. karla þakka öllu starfsfólki félagsins fyrir þeirra fórnfúsa starf. Starfsmenn félagsins eru meira en bara starfsmenn þess því að þeir eru sjálfboðaliðar og ganga í öll störf til að styðja við bakið á okkur. Án þeirra værum við ekki í þeim sporum sem við erum í. Jafnframt vil ég þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem starfa fyrir hönd félagsins. Það er fólkið sem lætur félagið ganga.

Á erfiðum tímum Covid-faraldurs hafa margir styrktaraðilar dregið sig í hlé. Þá hefur stuðningur bæjaryfirvalda ekki aukist að raunvirði í töluverðan tíma. Ljóst er að þungur rekstur er í öllu afreksstarfi og það þarf nýja nálgun til að mæta þeim þáttum sem nauðsynlegir eru til þess að byggja upp gott afreksstarf.

Með mikilli elju og vinnusemi tókst Stjörnunni að halda í allflesta styrktaraðila sína. Við erum

þeim ákaflega þakklátir fyrir það enda eigum við gott og gæfuríkt samband við alla okkar styrktaraðila og vonum að svo verði áfram um ókomin ár.

*Helgi Hrannarr Jónsson,*

*formaður meistaraflokksráðs karla*

**Lokaorð**

Árið 2021 verður að teljast þungt ár í starfi knattspyrnudeildar Stjörnunnar. Árið einkenndist af Covid, ýmsum takmörkunum, mikilli óvissu og misgóðum árangri á knattspyrnuvellinum. Meistaraflokkur karla endaði í 7. sæti deildarinnar, féll úr leik í 32 liða úrslitum bikarkeppni og spilaði eina umferð í Evrópukeppni. Það er árangur sem teljast verður undir væntingum. Starf yngri flokka deildarinnar gekk með ágætum og varð 2. fl. karla Íslandsmeistari sem er frábær árangur. Ljóst er að margir ungir og efnilegir leikmenn eru í starfinu og verður skemmtilegt að fylgjast með þeim á komandi árum. Meistaraflokkur kvenna endaði tímabilið í 4. sæti deildarinnar og lék í 16 liða úrslitum bikarkeppninnar. Árangur meistaraflokks kvenna hefur verið stigvaxandi ár frá ári og ljóst að Stjarnan mun gera atlögu að titli á komandi árum.

Almennt hefur það verið vilji stjórnar deildarinnar að lið Stjörnunnar verði skipuð fleiri og fleiri uppöldum leikmönnum og erum við á frábærri leið. Efniviðurinn er svo sannarlega til staðar, bæði karla og kvenna megin. Við vinnum saman að því að spila sem best úr því.

Tæknin – knattspyrnan er að breytast hratt og vegur þar þyngst öll sú tækni sem er í boði. Gagnasöfnun með GPS-mælum, leikgreiningar með upptökum o.s.frv. er orðinn nauðsynlegur partur af leiknum og er ljóst að þau lið sem ná tökum á tækninni munu skara fram úr. Knattspyrnudeild Stjörnunnar hefur áttað sig á þessu fyrir þó nokkru. Við leggjum mikla áherslu á að vera í fremstu röð og vitum að það mun skila okkur titlum í framtíðinni!

Aðstöðumál hafa lengi verið til umræðu enda full þörf á. Á vormánuðum 2022 verður glæsilegt knattspyrnuhús opnað í Vetrarmýri sem hlotið hefur nafnið Miðgarður. Húsið verður frábær viðbót við aðstöðu Stjörnunnar, ekki einungis hvað knattspyrnuna varðar heldur einnig samfélagið allt. Óráðstafað er rými í Miðgarði sem þarf að nýta vel og gera umgjörðina í

48

kringum félagið sem besta. En betur má ef duga skal því ekki má gleyma Samsung-vellinum. Aðstaða fyrir búningaklefa og starfsmenn félagsins þarfnast skoðunar sem fyrst þar sem rýmið er annaðhvort ekki til staðar eða löngu sprungið. Við sem félag þurfum að huga að þessum atriðum ætlum við okkur að vera í fremstu röð, sama hvort það sé innan vallar eða í umgjörð í kringum starfið okkar.

Ég þakka stjórn deildarinnar fyrir frábær störf á árinu, stuðningsmönnum, styrktaraðilum og öllum þeim sjálfboðaliðum sem unnu mjög óeigingjarnt starf á árinu sem og starfsfólki félagsins. Takk kærlega fyrir okkur!

*Fyrir hönd knattspyrnudeildar,*
*Sæmundur Friðjónsson,*
*formaður knattspyrnudeildar Stjörnunnar*

STJARNAN
KNATTSPYRNA




VIÐURKENNING FYRIR FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR Í BARNA- OG UNGLINGASTARFI 2021

# KÖRFUBOLTADEILD

# 9. SKÝRSLA KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR

50

## Stjórn og starfsmenn

### Stjórn

- Hilmar Júlíusson, formaður
- Birgir Kaldal Kristmannsson, varaformaður
- Björgvin Ingi Ólafsson, formaður bogu
- Björgvin S. Sigurðsson, formaður mfl. kvk.
- Gunnar Viðar, meðstj.
- Magnús Bjarki Guðmundsson, meðstj.

### Yfirþjálfari

- Hlynur Bæringsson

### Barna- og unglingastarf

Líkt og undanfarin ár hefur verið hefur verið mikill gangur í barna- og unglingastarfi körfuknattleiksdeildar. Iðkendum hefur fjölgað stöðugt á undanförnum árum og er nokkuð síðan deildin varð stærsta körfuknattleiksdeild landsins og styttist í að iðkendafjöldinn rjúfi 500 iðkenda múrinn. Annað árið í röð var áhersla á að lágmarka rof í starfi vegna Covid og tókst vel til við að endurheimta iðkendur eftir niðurfellingar æfinga og keppni vegna faraldurs.




Hlynur Bæringsson, yfirþjálfari yngri flokka, hefur leitt öflugan þjálfarahóp með miklum myndarbrag sem hefur verið lykilatriði í góðum árangri, fjölgun iðkenda og litlu brottfalli. Sem dæmi um öfluga þjálfara má nefna Óskar Þorsteinsson sem var valinn þjálfari ársins í Garðabæ. Óskar þjálfar m.a. stærsta körfuknattleikshóp landsins, drengi fædda 2011. Þar æfa um 60 metnaðarfullir strákar og höfum við sent allt að átta lið úr þessum flokki á Íslandsmót, langflest lið allra.

Áhersla á að fjölga stúlkum og leikskólakrökkum og draga úr brotfalli unglinga í starfinu

Fjöldi stúlkna í starfinu hefur þrefaldast á síðustu árum enda hefur verið lögð mikil áhersla á að haga starfinu sem best, meðal annars með því að vanda sérstaklega val á þjálfurum þeirra. Annað áhersluatriði hefur verið að draga úr

brottfalli iðkenda í elstu grunnskólaárgöngum og hefur það tekist vel. Aldrei hafa fleiri iðkendur í elstu grunnskólaárgögnum verið í starfinu og eru allir flokkar iðkenda okkar í 8.-10. bekk í toppbaráttu sinna flokka og eru stærstu hópar síns flokks. Lengi býr að fyrstu gerð og í fyrsta sinn var leikskólahóp skipt í yngri og eldri hóp þar sem nú æfa alls yfir 50 krakkar, bæði stelpur og strákar.

**Titlum fjölgar áfram**

Vorið 2021 voru heimtur í titlum frábærar. Stjarnan sigraði á Íslandsmóti í alls níu yngri flokkum. Sigur vannst í minni bolta 10 ára drengja og stúlkna, minni bolta 11 ára stúlkna, 7. flokki beggja kynja og stelpurnar í 8. og 9. flokki unnu sigur. Stelputitilinn í 7. flokki var sögulegur enda fyrsti kvennatitill félagsins í körfubolta. Stjörnustúlkur voru því Íslandsmeistarar 2021 í alls fimm af sjö yngri flokkum kvenna. Því má segja að með fyrsta titli okkar í kvennaflokki hafi flóðgáttir titlanna opnast.

Engin vatnaskil urðu í eldri flokkum drengja þótt vel hafi gengið. Við lönduðum titli í 10. flokki drengja og fengum silfur í 8. og 10. flokki drengja. Í elsta flokki drengja, unglingaflokki, vann sameiginlegt lið Álftaness og Stjörnunnar titilinn og var það fyrsti Íslandsmeistaratitill Álftnesinga.




Bikarkeppni yngri flokka var aflýst vorið 2021 en Stjarnan var þá með fjölda liða enn í hattinum og líklegt til afreka í fjölmörgum flokkum. Það var svekkjandi fyrir krakkana okkar að ná ekki að klára bikarkeppnina eftir sterka byrjun.

Í bikarúrslitum vorið 2022 vann Stjarnan sigur í fjórum af sjö yngri flokkum. Stjarnan vann sigur í 9. og 10. fl. drengja og stúlkna auk

þess að fá silfur í stúlknaflokki. Sannarlega glæsilegur árangur hjá yngri flokkunum í bikarnum sem gefur góð fyrirheit fyrir baráttuna um Íslandsmeistaratitla í vor. Titill 9. flokks stúlkna var fyrsti bikartitill Stjörnunnar í kvennaflokki og hefur Stjarnan því náð sínum fyrstu Íslandsmeistara- og bikarmeistaratitlum í kvennaflokki á innan við ári.




**Í forystu í fagmennsku og umgjörð æfinga og leikja**

Í kjölfar fjáröflunar iðkenda deildarinnar vorið 2021 var keypt skotvél í húsið. Vélin er vel nýtt af iðkendum og hjálpar þeim að bæta skottækni sem nýtist vel í harðri baráttu á vellinum. Áfram verður unnið að því að kenna iðkendum að nýta vélina sem best.

Stjarnan TV hefur sent út alls 69 leiki yngri flokka og meistaraflokks kvenna frá upphafi árs 2021. Komið hefur verið upp góðri aðstöðu í Ásgarði þar sem stig og tími í leikjum kemur sjálfkrafa á skjáinn og því einfalt fyrir fólk að fylgjast með. Fjöldi áhorfenda hefur verið allt frá fáum tugum upp í hátt í þúsund á hvern leik en alls hafa yfir 20 þúsund horft á leiki til þessa. Mikil ánægja er með þessa þjónustu og voru foreldrar sérstaklega þakklátir þegar samkomutakmarkanir vörðu auk þess sem leikmenn og þjálfarar voru ánægðir að geta farið yfir leiki að þeim loknum.

Stjarnan hefur eitt félaga hafið fulla lifandi tölfræðigreiningu elstu flokka stúlkna og drengja. Alls voru "stattaðir" 19 heimaleikir stúlkna- og unglingaflokks á almanaksárinu 2021. Með greiningunni geta þjálfarar og iðkendur séð skýrt hvernig þeir standa í helstu tölfræðiþáttum eins og skotnýtingu, fráköstum og stoðsendingum auk þess sem fólk getur fylgst með leikjunum í beinni lýsingu á kki.is.

**Landsliðskrakkar standa sig vel**

Líkt og síðasta ár átti Stjarnan metfjölda fulltrúa í æfingahópum yngri landsliða. Í fyrsta sinn átti Stjarnan flesta fulltrúa allra liða í bæði stúlkna- og drengjahópunum. Í hópnum sem var valið í um jólin voru fulltrúarnir 32 og í minni hópi í febrúar átti Stjarnan 24 fulltrúa.




**Áskoranir í húsnæðismálum samfara miklum vexti**

Samfara mikilli fjölgun iðkenda og flokka með auknum krafti í starfi yngri flokka kvenna hafa áskoranir í húsnæðismálum aukist verulega. Nú er svo komið að húsnæði deildarinnar er algjörlega sprungið. Ef horft er til skemmri tíma er mest knýjandi þörf á því að laga gólfið og körfurnar í Bláa salnum. Salurinn er nánast aldrei notaður fyrir keppnisleiki vegna þessa og þess í stað fara þeir nær alltaf fram í aðalsalnum. Það er sérlega bagalegt því Blái salurinn hentar að öðru leyti mjög vel fyrir keppnisleiki. Hann er hæfilega stór, þar eru góðir áhorfendapallar og allar aðstæður til að ná upp skemmtilegri stemmningu. Ljóst er að keppnisleikjum mun fjölga verulega milli ára þar sem stórum eldri árgöngum, sem senda fleiri en eitt lið til keppni en keppa ekki í túrneringum, fjölgar ár frá ári. Búast má við að fjöldi æfinga falli niður hjá yngri iðkendum vegna þess að eldri iðkendur þurfa að nýta húsið fyrir keppnisleiki.

Jafnframt hefur barna- og unglingaráð lagt til að afgreiðslutími Ásgarðs verði lengdur um 2-3 tíma hvorn dag um helgar. Með því að lengja afgreiðslutíma um a.m.k. tvo tíma laugardag og sunnudag má rýmka tímann fyrir leiki og æfingar eldri iðkenda og losa um tíma sem eru hentugri fyrir yngri iðkendur. Þá þarf síður að fella þurfi niður æfingar yngri iðkenda vegna leikja í salnum

Þótt hvort tveggja yrði gert munu áskoranir samfara miklum vexti enn verða miklar og nauðsynlegt fyrir bærinn og félagið að tryggja körfuknattleiksdeild aðgengi að sölum umfram það sem nú er.

Að sama skapi er mikilvægt að íþróttahús í fullri stærð verði byggt í Urriðaholti sem allra fyrst. Það er áskorun fyrir Stjörnuna að virkja börn í Urriðaholti án íþróttahúss í hverfinu. Mikilvægt er að þeim sé veitt góð þjónusta svo eins sterk tenging verði við það hverfi eins og þau hverfi sem eru nær starfinu í Ásgarði.
Áform um nýtt keppnishús við hlið Miðgarðs eru á teikniborði bæjarins en körfuknattleiksdeild er ekki kunnugt um hvenær gera megi ráð fyrir þeirri framkvæmd. Nýtt hús þar myndi styðja við frekari þróun deildarinnar. Ef vel tekst til getur deildin vaxið áfram með góðu starfi en ekki síður vegna væntrar fjölgunar bæjarbúa. Deildin er meira en reiðubúin til að ræða við Garðabæ um hvernig best væri að gera áform um ný íþróttahús að veruleika sem fyrst. Slíkt væri mikil lyftistöng fyrir starfsemi okkar - eins og búast má við að verði í fótboltanum samhliða bættri aðstöðu deildarinnar í Miðgarði.

**Þakkir**

Barna- og unglingaráð vill koma á framfæri sérstökum þökkum til Hlyns yfirþjálfara, þjálfara deildarinnar og til þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem leggja starfinu lið. Það hefur verið sérlega ánægjulegt hversu foreldar hafa tekið vel í að leggja sitt af mörkum. Margar hendur vinna létt verk og það er félaginu gríðarlega mikilvægt að starfið byggist ekki einungis á örfáum sjálfboðaliðum. Að sama skapi gengur samstarf við starfsfólk og stjórnendur bæjarins, starfsfólk Stjörnunnar og starfsfólk í Ásgarði vel og erum við afskaplega þakklát fyrir það.

*Björgvin Ingi Ólafsson,*

*formaður barna- og unglingaráðs*

**Meistaraflokkur kvenna**

Meistaraflokkur kvenna hélt sig við stefnu sína um að byggja liðið á yngri leikmönnum sem flestir eru yngri en 20 ára og því líka gjaldgengir í stúlknaflokki. Liðið spilaði í 1. deild og hélt sér þar í lok tímabilsins. Deildin býður upp á heppilegan styrkleika á meðan liðið er að öðlast

þroska og reynslu til að takast á við meira krefjandi verkefni í úrvaldsdeild.

Auður Íris Ólafsdóttir tók við sem þjálfari meistaraflokks en hún spilaði í fjölda ára í úrvalsdeild kvenna og með landsliði Íslands. Samhliða leikmannaferlinum hefur Auður Íris þjálfað marga flokka yngri stúlkna og unnið að landsliðsverkefnum yngri landsliða í afreks- og úrvalsbúðum KKÍ. Auður Íris leggur í starfi sínu mikla áherslu á nána samvinnu við yfirþjálfara barna- og unglingastarfs og annað starfsfólk körfuknattleiksdeildar enda er uppbyggingarstarf deildarinnar í kvennakörfubolta að skila sífellt fleiri yngri leikmönnum inn í meistaraflokkinn. Þannig voru nokkrir af lykilleikmönnum meistaraflokks jafnframt í stúlknaflokki sem vann til silfurverðlauna í VÍS-bikarnum nú í mars þar sem Auður Íris stýrði liðinu ásamt Dino Stipcic. Er það gott dæmi um hversu vel hefur tekist til við að tengja saman starf yngri flokka og meistaraflokks.

Markmið körfuknattleiksdeildar undanfarin ár hefur verið að fjölga stúlkum í yngri flokkum, styrkja umgjörð þjálfunar með úrvalsþjálfurum og stuðningsfólki og innleiða bestu þjálfunaraðferðir. Sú vinna er farin að skila stórum hópi af nýjum leikmönnum sem keppa nú um sæti í meistaraflokki fyrir næsta tímabil. Stefna flokksins er sett á að komast upp úr 1. deild eftir 2-3 tímabil með liði sem byggist á uppöldum Stjörnuleikmönnum.

*Björgvin Skúli Sigurðsson,*
*formaður meistaraflokksráðs kvenna*

**Meistaraflokkur karla**

Þegar árið 2021 gekk í garð hafði meistaraflokkur karla aðeins leikið einn leik í deildinni fyrir tímabilið 2021-2022 þar sem lokað hafði verið á allar íþróttir í byrjun október. Mótið hófst að nýju í janúar og fram undan var sannkallað hraðmót, tveir leikir á viku fram í miðjan maí. Úrslitakeppnin var því að hefjast um það leyti sem mótinu hefði átt að vera að ljúka. Árangur liðsins var viðunandi, þriðja sæti í deildinni sem þýddi að andstæðingur í úrslitakeppninni var Grindavík þar sem Stjarnan hafði betur í oddaleik. Snemma í þeirri seríu meiddist Mirza Sarajlija illa og lék ekki meira með liðinu en hann var næststigahæsti leikmaður liðsins á tímabilinu og munaði mikið um hann. Þrátt fyrir það fór einvígi Stjörnunnar við

verðandi íslandsmeistara, Þór Þorlákshöfn, í undanúrslitunum í oddaleik.

Bikarkeppnin var blásin af og stefnt á að spila hana fyrir næsta tímabil.

Fljótlega eftir að tímabilinu lauk loksins um miðjan júní var ljóst að töluverðar breytingar yrðu á hópnum.  Tvíburarnir að vestan, þeir Hilmir og Hugi, héldu aftur heim á leið til að taka þátt í úrvalsdeildarævintýri uppeldisfélagsins en Vestri hafði tryggt sér sæti í efstu deild. Dúi Þór ákvað að fara til Akureyrar og fá þar stórt hlutverk sem hann og gerði og stóð sig frábærlega og Orri Gunnarsson ákvað að skipta yfir í 1. deildar lið Hauka. Stærsta höggið fyrir meistaraflokk var þegar besti leikmaður Íslandsmótsins að okkar mati, Ægir Þór Steinarsson, fékk tilboð um að leika í næstefstu deild á Spáni. Ægir var samningsbundinn Stjörnunni en Stjarnan stendur aldrei í vegi fyrir að menn komist í atvinnumennsku. Það á sama við um hann og aðra sem nefndir voru hér að framan, vonandi sjáum við hann aftur í Stjörnutreyjunni þegar hann hefur lifað drauminn á Spáni.

Þrátt fyrir þetta var kjarni liðsins um kyrrt. Hlynur, Arnþór Freyr, Tómas Þórður og Gunnar Ólafs voru allir með samning. Þeim til halds og trausts voru fengnir þrír erlendir leikmenn í stað þeirra þriggja sem voru árið áður. Það voru þeir Shawn Hopkins frá Finnlandi, David Gabrosek frá Slóveníu og Robert Turner III. frá Bandaríkjunum. Við þetta bættist svo ungur og efnilegur leikmaður, Hilmar Smári Henningsson, sem kom frá Valencia á Spáni en er uppalinn Haukamaður. Síðast en ekki síst gekk Ragnar Nathanaelsson til liðs við félagið frá Haukum. Þjálfarateymið breyttist lítið. Dani hélt að nýju til Bandaríkjanna og í hennar stað kom Ögmundur Sveinsson inn sem aðstoðarþjálfari.

Fimm leikmenn Stjörnunnar tóku þátt í A-landsliðsverkefnum á árinu. Þeir Ægir Þór Steinarsson, Ragnar Nathanaelsson, Gunnar Ólafsson, Tómas Þórður Hilmarsson og Hilmar Smári Henningsson.

Tímabilið hófst á bikarkeppninni sem blásin var af í upphafi árs. Persónulega fannst mér sambandið taka keppnina niður með því að setja bikarkeppnina á sem einhvers konar

„pre-season“ mót í upphafi tímabils þegar sum lið voru ekki einu sinni með fullskipaðan hóp. Okkar menn stóðu sig vel, komust í úrslit þriðja árið í röð með sigrum á KR, Grindavík og Tindastóli en töpuðu 93-97 fyrir Njarðvík í úrslitaleik í Smáranum.

Þegar deildarkeppnin hófst hikstaði leikur liðsins verulega. Af fyrstu sex leikjunum töpuðust fjórir. Margir kölluðu eftir breytingum en stjórn og þjálfarateymi héldu ró sinni og af næstu 13 leikjum vann liðið níu. Þegar þetta er skrifað situr liðið í 4.-6. sæti deildarinnar í harðri baráttu um heimaleikjaréttinn þegar þrjár umferðir eru eftir og unnið sex af síðustu sjö í deild og bikar.

Enn og aftur var bikarkeppnin keppni okkar Stjörnumanna. Auðvelda leiðin var ekki farin í átt að titlinum. Eftir að hafa setið hjá í 32 liða úrslitum fengum við útileik gegn Tindastóli í 16 liða úrslitum en okkur var spáð mjög góðu gengi og hafðist sigur í hörkuleik 79-78. Í átta liða úrslitum fengum við enn og aftur Grindavík á heimavelli og strákarnir tryggðu sér sæti í „Final Four“ með góðum sigri, 85-76. Þar var andstæðingurinn í undanúrslitum Keflavík sem ætlaði sér alla titla sem í boði voru á tímabilinu. Í frábærum körfuboltaleik hafði Stjarnan sigur eftir framlengingu, 95-93. Þar sneru þeir Gunnar Ólafsson og Robert Turner töpuðum leik í sigur með tveimur mögnuðum þriggja stiga körfum á síðustu mínútu framlengingar. Sigurkarfan hjá Rob verður lengi í minnum höfð. Andstæðingurinn í úrslitaleiknum var efsta lið Subway-deildarinnar, Þór Þorlákshöfn. Þeir höfðu verið besta lið deildarinnar í vetur, m.a sigrað okkur Stjörnumenn tvívegis, og flestir sem spáðu þeim sigri. Okkar menn gerðu sér þó lítið fyrir, léku frábærlega og sigruðu verðskuldað, 93-85. Sjötti bikarmeistaratitilinn í mjög stuttri sögu deildarinnar og sá þriðji á fjórum árum. Tveir leikmenn Stjörnunnar unnu 5. bikartitilinn sinn. Þeir Hlynur Bæringsson sem hefur unnið þrjá titla með Stjörnunni og tvo með Snæfelli og Tómas Þórður Hilmarsson sem hefur unnið alla fimm titlana með Stjörnunni.

Nú er fram undan endaspretturinn í deildarkeppninni og síðan úrslitakeppnin. Vonandi verða íþróttahúsin að nýju full og mikil skemmtun fram undan.

58

**Lokaorð**

Í síðustu ársskýrslu var komið inn á síaukinn fjölda erlendra leikmanna. Vandamálið virðist vaxa með hverju árinu. Þegar þetta er skrifað eru aðeins þrjú lið í efstu deild karla með fleiri en fjóra uppalda („homegrown") leikmenn og er Stjarnan eitt þeirra. Með „homegrown" er átt við leikmenn sem hafa farið í gegnum íslenska yngri flokka. Fjórir, fimm og jafnvel fleiri erlendir leikmenn eru orðin regla frekar en undantekning. Metnaður kkd. Stjörnunnar í yngri flokkum kemur vel fram í skýrslu formanns barna og unglingaráðs. Það verða að vera tækifæri fyrir þessa krakka í framtíðinni að spila körfubolta á Íslandi og við munum halda áfram að berjast fyrir breytingum á þessu sviði. Við Stjörnumenn myndum vilja sjá þrjá uppalda leikmenn inni á vellinum í einu en værum tilbúnir að koma til móts við önnur sjónarmið og fallast á tvo.

Deildin þakkar starfsfólki Ásgarðs og öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar, leikmönnum, forráðamönnum, styrktaraðilum og síðast en ekki síst sjálfboðaliðum kærlega fyrir frábært samstarf og það er ljóst að framtíð körfuboltans í Garðabæ er björt.

*Fyrir hönd körfuknattleiksdeildar,*
*Hilmar Júlíusson,*
*formaður körfuknattleiksdeildar*

STJARNAN
KÖRFUBOLTI

# 10. SKÝRSLA LYFTINGADEILDAR

59

**Stjórn og starfsmenn**

**Stjórn**

